

Júlíus Ó. Einarsson

Bessastaðir á Álftanesi *Sögubrot*



© Júlíus Ó. Einarsson
Selfossi, 2021

Öll réttindi eru áskilin. Rafræn útgáfa er til almennrar dreifingar án endurgjalds. Bókina má ekki afrita til birtingar á prenti að hluta eða í heild án skriflegrar heimildar frá höfundi

Texti, ljósmyndir, skönnun, gerð uppdráttar, umbrot og rafræn útgáfa: Júlíus Ó. Einarsson
(netfang: julius@icesave.org).

ISBN 978-9935-24-908-1

Efni

Formáli höfundar 5

Örstutt ágríp af sögu Bessastaða 7

Fyrstu ritheimildir og síðari tíma rannsóknir

Bústaður fulltrúa erlends konungsvalds

Bessastaðaskóli

Eigendur og ábúendur Bessastaða til 1941

Aðsetur ríkisstjóra og síðar forseta

Bessastaðir í annálum 1400-1800

Fornleifarannsóknir á Bessastöðum 9

Níu árhundruð á níu árum

Fornleifakjallari

Nýjustu fornleifarannsóknir

Húsakostur 16

Ný húsagerð á 18. öld

Bessastaðastofa

Bessastaðakirkja

Bessastaðir og konungsvaldið 25

Aðsetur fulltrúa erlends valds

„Svartasti bletturinn“

Bessastaðaböðull

Fálkaverslun

Viðreisnarmál

Síðasti valdsmaðurinn

Bessastaðaskóli 32

Svipir og fyrirburðir 36

Reimleikar og myrkfælni

Appólónía Schwartzkopf

Sóti

Nokkrir eigendur og ábúendur til 1941 41

Grímur og Jakobína Thomsen

Skúli og Theódóra Thoroddsen

Björgúlfur Ólafsson og Þórunn Benediktsdóttir

Sigurður Jónasson

Heimili þjóðar 47

Forsetasetur

Náttúrufar og gönguleiðir 50

Náttúra og umhverfi

Gengið um Bessastaðanes

Forsetasetrið

Skansinn

Fuglalíf

Myndaskrá 59

Heimildir 61

Formáli höfundar



Hér er ekki sögð saga Bessastaða því til þess er ritið of lítið en sagan stór, enda orðaði Árni Óla rithöfundur það þannig að saga Bessastaða væri saga þjóðarinnar í stórum dráttum.

Hér fara á eftir stuttar frásagnir af ýmsum þáttum úr sögu Bessastaða, því auðvitað er ekki pláss fyrir mjög ítarlega umfjöllun um hina ótal ólíku atburði sem marka meira en þúsund ára ábúð. Mér tekst þó vonandi að gefa nokkuð skýra mynd af staðnum og vægi hans í sögu þjóðarinnar. Ég hvet lesandann um leið til þess að leita sér meiri fróðleiks um allt það sem kann sérstaklega að vekja áhuga hans á komandi blaðsíðum. Sums staðar vísa tenglar á vefsíður með efni sem bætir drjúgmiklu við fróðleikinn sem hér er að finna. Þá er líka heimildaskrá þar sem má finna megnið af þeim heimildum sem stuðst er við. Bókasöfn landsins geyma flestar heimildirnar og í þeim ritum eru áhugaverðar, fróðlegar og skemmtilegar frásagnir sem bæta heilmiklu við þá mynd sem hér er dregin upp. Í fyrsta kaflanum er tæpt lauslega á sögu Bessastaða til þess að lesandinn fái heildaryfirsýn en síðari kaflar segja frá ýmsu markverðu ásamt því sem fléttað er inn ýmsu forvitnilegu úr þjóðsögum. Byggt er að mestu á rituðum heimildum en líka stuðst við áður óbirt efni úr fótum mínum. Fyrir utan fróðleiks- og skemmtigildi þessa rits, er það ætlunin að upplýsingar um örnefni, sögustaði, rústir, fuglalíf og almennt náttúrufar glæði göngutúrin lífi fyrir þá sem kjósa að fara á tveimur jafnfljótum um Bessastaðanes og opni þeim sýn á það sem annars kann að vera hulið á þessum sögulega stað.

Lítil áhersla er hér á Bessastaði sem aðsetur forseta Íslands en fyrir utan það sem fram kemur í fjölmörgum skrifuðum heimildum um forseta og Bessastaði, er fróðleik um efnið að finna á vefsíðu forsetaembættisins. Ég starfaði á Bessastöðum um tæplega fimm ára skeið frá ársbyrjun 2010 til hausts 2014 og hafði búsetu á staðnum á þeim tíma. Ekki varð komist hjá því að saga Bessastaða ásamt húsum og minjum vektu áhuga minn. Meðal verkefna minna á Bessastöðum var að taka á móti gestum forseta, sýna staðarhúsin og munina, og segja frá. Meðfram þeirri reynslu safnaðist mest af þeim fróðleik sem birtist hér lesandanum. Ég fékk snemma þá hugmynd að opna Bessastaði fyrir almenningi en áður höfðu aðeins gestir forseta og takmarkaðir hópar átt kost á innliti.

Þáverandi forseti tók afar vel í hugmyndina og mér var falið að skipuleggja, undirbúa og hafa heildarumsjón með framkvæmdinni. Í kjölfarið var Bessastaðastofa opnuð almenningi 10. febrúar 2012 í tengslum við Safnanótt. Síðan hefur verið kappkostað að gefa almenningi færi á að heimsækja staðinn og fræðast um hann um leið og gengið er um staðarhúsin og nánasta umhverfi. Bessastaðir eru réttnefnd þjóðareign. Í mínum huga er saga Bessastaða jafn mikil þjóðareign og staðurinn sjálfur, sem er ástæða þess að rafrænni útgáfu bókarinnar er dreift án endurgjalds. Vonandi verður hún til gamans og gleði öllum þeim sem vilja kynna sér efnið eða heimsækja Bessastaði með gönguferð eða innliti.

Ég færi konu minni, Hrefnu Daníelsdóttur, mínar bestu þakkir en hún var ómetanleg hjálparhella á starfstímanum á Bessastöðum auk þess að rýna þessi skrif og gefa álit og góð ráð á ritunartímanum. Þá hugsa ég um leið með þakklæti og virðingu til alls samstarfsfólksins hjá forsetaembættinu árin 2010-2014, auk Guðmundar Ólafssonar fornleifafræðings fyrir ófá gagnleg samtöl og einlægan áhuga hans á að miðla af þekkingu sinni um Bessastaði.

Selfossi í janúar 2021
Júlíus Ó. Einarsson





Örstutt ágrip af sögu Bessastaða

Fyrstu ritheimildir og síðari tíma rannsóknir

Eins og kemur fram hér síðar, þá hafa fornleifarannsóknir á síðustu áratugum leitt í ljós ummerki um búsetu á Bessastöðum allt frá landnámsöld. Sú staðreynd þarf alls ekki að koma á óvart með hliðsjón af staðsetningu og landsháttum. Um leið er sú vitneskja mikilvæg viðbót við það sem áður var vitað um staðinn út frá rituðum heimildum.

Fyrsta ritheimildin sem þekkt er um Bessastaði, er Sturlunga saga, sem var skrifuð af nokkrum höfundum á 13. öld. Í henni segir á einum stað, og er vísað til Snorra Sturlusonar, höfðingja og skálds: „Snorri var suður á Bessastöðum um sumarið að búi sínu.“ Af Sturlungu má ráða að Sturla hafi dvalið nokkuð á Bessastöðum þó að hann hafi haft bústaði víðar. Eftir víg Snorra árið 1241 sölsaði Þórður Sighvatsson Bessastaði undir sig og jörðin var komin undir Noregskonung ekki síðar en Íslendingar gengu honum að fullu á hönd á árunum 1262-1264.

Bústaður fulltrúa erlends konungsvalds

Kalmarsambandið var stofnað árið 1397 og Eiríkur af Pommern, sonur Margrétar I Danadrottningar, varð konungur allra Norðurlanda, þar með Noregs og um leið Íslands. Við upplausn Kalmarsambandsins um 130 árum síðar varð til hið víðfeðma ríki Danaveldis og færðist Ísland undir yfirráð þess. Umboðsmenn Noregskonungs og síðar danskra konunga sátu á Bessastöðum frá síðari hluta 13. aldar og allar götur fram til ársins 1804 þegar Ólafur Stephensen stiftamtmaður fluttist frá Bessastöðum til Reykjavíkur.

Bessastaðaskóli

Árið eftir flutning stiftamtmanns frá Bessastöðum vék þaðan líka amtmaður vesturamts, Trampe greifi og eina æðri menntastofnun landsins fékk þar inni

árið 1805. Skólinn var þá nefndur Bessastaðaskóli en hafði áður heitið Hólavallaskóli vegna fyrri staðsetningar sinnar. Skólinn var starfræktur á Bessastöðum til ársins 1846 þegar hann fluttist til Reykjavíkur og varð Lærði skólinn (síðar Menntaskólinn í Reykjavík). Skólastjórnendur höfðu forræði á Bessastöðum á starfrækslutíma skólans en eftir að skólinn flutti burt bjó Þorgrímur Tómasson skólaráðsmaður þar áfram og hafði ábúð.

[Eigendur og ábúendur Bessastaða til 1941](#)

Feitletrun: Nánar í samnefndum kafla.

Grímur Thomsen og Jakobína (1867-1897).

Landsbankinn (1897)

Jens Pálsson (1897-1898)

Skúli og Theodóra Thoroddsen (1898-1916)

Bessastaðahreppur (1916-1917)

Jón H. Þorbergsson (1917-1927)

Björgúlfur Ólafsson (1927-1940)

Sigurður Jónasson (1940-1941)

Ríkissjóður (1941-)

[Aðsetur ríkisstjóra og síðar forseta](#)

Við stofnun embættis ríkisstjóra árið 1941 urðu Bessastaðir bústaður hans en Sigurður Jónasson gaf ríkinu staðinn af því tilefni. Ríkisstjóraembættið var lagt niður við lýðveldistökuna árið 1944 og Bessastaðir urðu forsetasetur.

Vefsíða með ítarefni við bókarkaflana ásamt viðaukum

Smelltu á QR-kóðann ef þú ert að skoða rafræna útgáfu eða skannaðu hann með snjalltæki til þess að opna vefsíðu með ítarefni um Bessastaði.



FORNLEIFARANNSÓKNIR



Fyrstu aldir búsetu

Álftanes er hluti hins forna landnáms Ingólfs Arnarsonar, sem lét bróðurson sinn, Ásbjörn Özurarson, fá nesið til landnáms og segir Landnáma að hann hafi gert sér bústað á Skúlastöðum. Það bæjarnafn er ekki lengur til en sumum fræðimönnum hefur jafnvel þótt trúlegt að Bessastaðir séu í raun hinir fornu Skúlastaðir, án þess að hægt sé að slá neinu föstu um það. Þó er fremur líklegt að býli hafi staðið á Bessastöðum frá upphafi landnáms. Ekkert er vitað um Bessa þann sem Bessastaðir eru kenndir við og í raun segir fátt af staðnum fyrr en á Sturlungaöld þegar hann er í eigu Snorra Sturlusonar. Snorri var veginn árið 1241 og var tekist á um eignir hans af innlendum mönnum en svo fór innan skamms að þær voru teknar til eignar af Noregskonungi. Bessastaðir urðu miðstöð konungsvaldsins um langa hríð, ef til vill af því að þeir voru sú jarðareign konungs sem hentaði best því hlutverki vegna nálægðar við Þingvelli og Skálholt en líka vegna þess hve staðurinn lá við millilandasiglingum og góðum fiskimiðum. Bessastaðir komu ekki aftur í eigu íslensks manns fyrr en rúmum sex öldum síðar þegar Grímur Thomsen keypti jörðina og hóf búsetu þar og búskap.

Níu árhrunduð á níu árum

Á níunda áratug síðustu aldar, í forsetatíð Vigdísar Finnbogadóttir, blasti orðið við mjög bágborið ástand staðarhúsanna á Bessastöðum en einkum þó Bessastaðastofu. Hún segir sjálf þannig frá að Bessastaðastofa hafi hvorki haldið vatni né vindi framan af forsetatíð sinni:

Við bjuggum þarna mæðgurnar uppi í gamla risinu. Þar var afskaplega huggulegt hjá okkur, fallet. Bessastaðir voru svo fallett heimili. Einu sinni á ári bauð ég fjárlaganefnd Alþingis í hádegisverð. Sighvatur Björgvinsson var, held ég, formaður nefndarinnar. Nema hann setti blýant í gegnum gluggapóstinn uppi í kvisti – sem fór alveg í gegn og þá sagði Sighvatur: "Þetta myndi maður ekki hafa heima hjá sér".

Komið var á fót sérstakri Bessastaðanefnd vegna endurbóta á húsunum, undir formennsku Helga Bergs og með hjálp og leiðsögn Þorsteins Gunnarssonar, arkitekts og leikara. Ákveðið var að ráðast í mjög umfangsmiklar endurbætur og

stóðu þær yfir árin 1987-1996. Samhliða því þurfti að fara í svokallaðan björgunaruppgröft vegna þess að fornminjar urðu hvarvetna á vegi verktaka. Andstæð sjónarmið toguðust á meðan á verktímanum stóð. Annarsvegar var áhersla á framkvæmdina við húsabæturnar sem kapp var lagt á að gengju snurðulaust og án mikils umframkostnaðar. Hinsvegar voru það hagsmuni minjaverndar og menningarsögu. Uppgröfturinn fór fram á vegum Þjóðminjasafns Íslands, undir stjórn Guðmundar Ólafssonar, fornleifafræðings. Þessi fornleifauppgröftur reyndist á endanum vera hinn umfangsmesti sem þá hafði farið fram hérlandis og urðu rannsóknarsvæðin alls 61. Rannsóknin varð svo stór í sniðum að ýmis vandkvæði háðu henni allan tímann. Þar má nefna vöntun á menntuðum fornleifafræðingum, vanbúnað Þjóðminjasafnsins til þess að takast á hendur svo stóra rannsókn og fleira. Mikilvægt var að geta kannað minjar og grafið þær upp nægilega skipulega og hratt til að valda sem minnstum töfum á framkvæmdum við húsabæturnar.

Í fyrstu skýrslu um rannsóknina, sem út kom árið 2010, segir í inngangi:



Bessastaðauppgrofturinn varð því að mörgu leyti lærdómur um það hvernig ekki ætti að standa að neyðarrannsóknum. Hefur sú reynsla gagnast síðar í sambandi við önnur stór verkefni sem unnið hefur verið að á undanförunum árum. Hann varð m.a. til þess að sett var inn í Þjóðminjalög ákvæði um að framkvæmdaaðilar skyldu kosta nauðsynlega rannsókn á minjasvæðum sem þeir vildu nýta.

Vigdís Finnbogadóttir þekkti vel til sögu staðarins og var auðvitað vel meðvituð um að hann hefði á sinni tíð verið í eigu Snorra Sturlusonar. Hún fléttaði sögu Snorra og Bessastaða gjarnan inn í ræður sínar sem forseti, einkum þegar hún ávarpaði fólk frá Norðurlöndum sem sótti Bessastaði heim. Vigdís var um leið mjög áhugasöm um fornleifarannsóknina og fylgdist náið með framvindu hennar. Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur sem stjórnaði uppgreftirnum sagði í skýrslu um rannsóknina að jákvæð afstaða Vigdísar og skilningur á gildi fornleifanna og varðveislu þeirra hafi skipt sköpum fyrir varðveislu og birtingarmynd fornra byggingarminja á sýningu sem síðan er gjarnan nefnd „fornleifakjallari“ Bessastaðastofu. Sjálf segir Vigdís:

Ég reyndi að gera allt sem ég gat fyrir uppgreftinn og uppgræftarmenn. Ég fór svo til á hverjum degi og skoðaði hvernig gengi og hvað fyndist. Það var svo gaman, það var

alltaf verið að leita að Snorra. Og einn morgun man ég eftir því að þegar ég fór að heiman, þá var hrópað á eftir mér: "Við erum líklega komnir niður á keröld Snorra.

Húsaleifar

Við uppgröftinn komu í ljós heillegar leifar húsa svokallaðs Konungsgarðs, sem var lítil þyrping portbyggðra húsa á 18. öld. Meðal annars má sjá í fornleifakjallaranum inn á gólf húss, sem líklega er landfógetahúsið. Þarna eru líka sýnilegar aðrar hleðslur og leifar hellulagðra gólfa frá 14. eða 15. öld.



Aðrar minjar

Allmargir munir af ólíku tagi komu í ljós við fornleifarannsóknina. Einn af þeim er brot af fallbyssu úr járni, sem getur hafa verið notuð til þess að verjast ásælni Englendinga á fyrri öldum og til þess að skjóta púðurskotum til heiðurs nýkrýndum konungum Danmerkur og Íslands á Þingvöllum. Aðrir járngrípír eru meðal annars eldiviðargrind og ofnplötur. Þá fannst þó nokkuð af munum úr leir og gleri auk perlna, kvarnarsteina, krítarpípa og fleira. Við lok



fornleifarannsóknarinnar á Bessastöðum var orðið til stærsta safn fornvistfræðilegra gagna sem safnast hafði í einum uppgreftri á Íslandi. Þau gögn geta meðal annars varpað ljósi á búsetuskilyrði, mataræði fólks og fleira.

Smelltu á QR-kóðann ef þú ert að skoða rafræna útgáfu eða skannaðu hann með snjalltæki til þess að opna skýrslur I og II um Bessastaðarannsóknina.



Skýrsla I



Skýrsla II

Fornleifakjallari

Við lok endurbótanna á húsunum voru nokkrar hugmyndir uppi um það hvernig haga ætti framsetningu fornminjasýningar, sem sjálfsagt þótti að setja upp á Bessastöðum. Til greina kom að hafa að hluta glergólf í Thomsenstofu (skrifstofa á 1. hæð Bessastaðastofu, kennd við Grím Thomsen) þar sem sæist niður á fornar hleðslur og gólf eldri húsa. Önnur hugmynd gerði ráð fyrir fimmtán fermetra sýningarrými í kjallara þar sem sæi í hleðslur og einhverjir gripir yrðu til sýnis. Niðurstaðan varð á endanum sú að taka allan kjallara Bessastaðastofu undir safnvísi og það var Vigdís mjög að skapi:



Mér fannst útfærslan góð. Það er svo gaman að fara þarna niður og segja sögur. Þannig að þetta er mjög mikil snilldarhugmynd að setja þennan vegg, munkahleðslu sem er dönsk hleðsla, að setja hann upp við minjarnar og geta farið þarna inn og skoðað þetta. Framsetning er mjög falleg. Það er gaman að fara niður þennan stiga, koma í þetta rými, fyrst þar sem gripir eru geymdir og fara svo bara alveg niður á miðaldir. Maður á að ganga, maður á ekki að sjá í gegnum gler. Þetta er gert í víkingasafninu í York. Þar er glergólf og maður sér fornmunina undir glergólfi. Það hefði ekki gengið að hafa neitt í glergólfi í Thomsenstofu.

Sú jákvæða hefð hefur skapast á síðustu árum að almenningi er gefinn kostur á að heimsækja forsetasetrið og skoða húsakynninn og það sem þau hafa að geyma, þar á meðal fornleifakjallarann. Það ættu sem flestir að nýta sér.

Nýjustu fornleifarannsóknir

Þrjár minniháttar rannsóknir voru gerðar árið 1998 í tengslum við verklegar framkvæmdir á Bessastöðum og fundust áður ókunnar leifar hlaðinna veggja,

lítilsháttar af mannabeinum og smáræði af gripum, svo sem krítarpípur og keramik.

Um haustið 2018 stóð yfir fornleifarannsókn meðfram heimreiðinni að Bessastöðum, í tengslum við vegabætur og gerð bílastæðis. Meðal annars fundust leifar torf- og grjóttveggja ásamt mannvistarlögum sem spanna tímabilið allt frá tíundu öld til þeirrar nítjándu. Á Langavelli, þar sem bærinn Lambhús stóð fyrrum, komu meðal annars í ljós svokallaðar soðholur sem notaðar voru til matartilbúnings til forna. Einnig grjóthleðslur sem virðast undirstöður timburhúss sem þar hefur staðið.



HÚSAKOSTUR



Ný húsagerð á 18. öld

Framan af Íslandssögunni voru húsbyggingar úr torfi að uppistöðu ásamt hlöðnu grjóti og þær oft viðarþiljaðar að innan. Á síðari helmingi átjándu aldar varð sú stórstíga þróun í húsagerð að hafist var handa við að reisa nærri tug opinberra bygginga af steinmúr; fimm kirkjur og fjögur stjórnsýsluhús. Tvö þeirra voru Bessastaðastofa og Bessastaðakirkja. Þetta voru stærri og reisulegri hús en annars þekktust hérlendis og eflaust var innleiðing á nýtískulegri húsagerð meðal annars liður í átaki danskra stjórnvalda til þess að efla atvinnuvegi á Íslandi. Það er umhugsunar vert að sú byggingagerð sem Íslendingar kynntust fyrir nálægt 250 árum sem nýlundu, kom fyrir sjónir manna um alla Danmörku með svipuðum hætti á Valdemarstímanum svokallaða. Það var hálfu árþúsundi fyrr – en það er önnur saga.

Ef til vill hafa Bessastaðastofa og Bessastaðakirkja verið hvítkölkuð að utan þegar í upphafi, sem þar með hefur verið alger nýlunda og hin myndarlegu steinhús hafa vafalaust vakið athygli og aðdáun meðal landsmanna vegna stærðar sinnar, byggingarmáta og útlits. Því meira hafa þau verið áberandi og staðið út úr umhverfinu að sú byggð sem var næst þeim, var bæði lágreist, einsleit og strjál.

Bessastaðastofa

Framan af munu staðarhúsin á Bessastöðum hafa verið lítilmótleig og óvönduð timburhús. Fer mörgum sögum af slæmu ástandi húsanna, eilífri viðhaldspörf og tregðu við úrbætur þegar þau gengu úr sér. Þetta er merkilegt þegar horft er til þess að æðstu fulltrúar konungsvaldsins höfðu búsetu á Bessastöðum – menn sem voru oft vel efnum búnir aðalsmenn og báru sig ríkmannlega. Þetta misræmi verður mjög áberandi þegar húsasagan er borin saman við þá gripi sem komu í ljós við fornleifarannsóknina 1987-1996 sem áður er nefnd.

Þegar Magnús Gíslason varð amtmaður árið 1752, er ljóst af reikningum og öðrum gögnum að miklar og kostnaðarsamar lagfæringar höfðu farið fram á

staðarhúsunum á öllum næsta aldarfjórðungi fram að því. Önnur hús en kirkjan voru portbyggð og stóðu aftan við hana eins og enn í dag. Staðarhúsin kölluðust einu nafni konungsgarður. Næst aftan við kirkjuna var amtmannshús úr timbri en gegnt bakhlið þess var landfógetabústaður, með veggjum úr bindingsverki. Húsin milli þeirra tveggja voru að stóru leyti úr torfi og hýsti annað þeirra vinnufólk en hitt búpening.



Á embættistíma Magnúsar Gíslasonar var farið að leggja drög að hönnun og byggingu tveggja veglegra steinhúsa á Bessastöðum; kirkju og nýrrar aðalbyggingar. Byrjað var á Bessastaðastofu 1761 og lauk smíðinni ekki fyrr en árið 1766, eftir margvíslegar tafir og erfiðleika. Meðal annars var mjög djúpt niður á fast í grunninum og er sagt að farið hafi jafn mikið grjóti í sökkulinn einan og fór í vegg byggingarinnar, sem hefur verið æði mikið því að sem dæmi er þykkt veggjanna á framhliðinni nálægt einum metra. Vegghleðslurnar eru úr tilhöggnu íslensku grjóti en kalk, sandur og timbur allt flutt frá Danmörku.



Upphaflega var nýting Bessastaðastofu og skipulag innan dyra með allt öðrum hætti en í dag. Rými voru fleiri og minni, skilveggir voru úr bindingsverki sem enn má sjá leifar af sunnan megin á efri hæð hússins. Við endurbæturnar sem voru nefndar í fyrri kafla og stóðu yfir 1987-1996, má segja að húsið hafi verið endurnýjað að nánast öllu leyti innanstokks. Svo mikil var viðhaldspörfin. Ytra útlit hefur líka breyst talsvert frá fyrstu tíð, gaflsneiðingar hafa farið og komið, þakkvistir fjarlægðir og nýir settir auk þess sem sett var útbygging yfir aðalinngang.

Bessastaðakirkja

Líklegt þykir að kirkja hafi staðið á Bessastöðum allt frá 12. öld og jafnvel fyrr. Ekki er víst að þar hafi nokkru sinni setið prestur en lengst af var kirkjunni þjónað frá Görðum á Álftanesi. Líkt og reyndin var með önnur hús á Bessastöðum um margra alda skeið, var lengi vel illa staðið að kirkjubyggingum staðarins og kirkjum illa haldið við. Jafnvel var það stundum svo líka að kirkjan var höfð til annarra og jarðbundnari nota en helgihalds en meðal annars lýsir

Sauðlauksdalsannáll því árið 1751 að prestshjónin á Bessastöðum „brúkuðu Bessastaðakirkju fyrir hesthús og svínabæli, glerglugga til kálgarðs, en fjalir til eldiviðar“.

Framan af voru kirkjur á Bessastöðum reistar úr timbri og jafnvel aðeins af torfi og grjóti. Ástand kirkjubygginga var aldrei beysið og hver kirkjan reist á eftir annarri. Timbur var flutt til Bessastaða til byggingar kirkju árið 1617 en árið áður hafði konungur tilkynnt á Alþingi að lagt yrði gjald á allar kirkjur landsins sem renna skyldi til smíðinnar. Kirkjan sem byggð var þótti stór og til þess tekið í annálum hve háreist hún var en þess jafnframt getið að enga hefði hún bita „hvað byljavindur íslenzkur vel sá“, eins og segir í Vatnsfjarðarannál yngri og fer merking þeirra orða ekki milli mála. Enda hrundi Bessastaðakirkja til grunna í stormi árið 1619. Önnur var svo byggð upp úr viðum hinnar föllnu árið eftir og hafði sú torfveggi og torfpak. Sú kirkja laskaðist svo eða hrundi árið 1624 þó að annálar nefni ekki hvort það var af völdum veðurs eða þess að byggingin var of veikburða og reis ekki undir sér sjálf.

Byrjað var að reisa steinkirkjuna sem nú stendur árið 1777. Byggingartíminn var afar langur, enda varð margt til að tefja smíðina og kirkjan var loks vígð árið 1795. Kirkjuturninn stóð um hríð lægra en sjálfir kirkjuveggirnir og var ekki lokið



við smíði hans fyrr en árið 1823. Einhver áhöld voru um það lengi vel hvort turninn skyldi byggður til stjörnuskoðunar eða til að þjóna sem hefðbundinn kirkjuturn. Hið síðara varð niðurstaðan og efri hluti turnsins byggður í þá mynd sem hann er í dag en vanefnin eru augljós ef hann er skoðaður innanvert. Mörgum þykir Bessastaðakirkja einkar fögur bygging og að hún samsvari sér vel, enda eru hlutföll hennar þannig að breidd og lengd byggingarinnar ásamt breidd og hæð kirkjuturnsins eru allt nokkurn veginn í hlutföllunum 1:2. Byggingin er teiknuð í svokölluðum ferskeytum, sem voru ríkjandi í hönnun dómkirkja á miðöldum og voru í hávegum í guðfræði þeirra tíma. Ekki er vitað fyrir víst hver teiknaði Bessastaðakirkju en víst er að hann var undir sterkum áhrifum þessarar hefðar.


Kirkjan var byggð utan um timburkirkjuna sem síðast stóð og var orðin afar hrörleg. Aðföng til byggingarinnar sem ekki voru fáanleg hérlandis, svo sem viður og kalk, var flutt sjóleiðina frá Kaupmannahöfn og skipað á land á bakka Bessastaðatjarnar. Grjót það sem notað var í undirstöður og veggir kirkjunnar var



annarsvegar hraunsteinar úr Gálgahrauni og grágrýti úr Garðaholti, sem flutt var á pramma yfir Lambhúsatjörn.

Um það leyti sem smíði turnsins var að ljúka, var kirkjan þegar farin að gjalda fyrir viðhaldsleysi og Árni Helgason prófastur í Görðum sagði um hana árið 1843 af því tilefni að hún væri sú vesælasta í hans prófastsdæmi. Áfram hrörnaði byggingin, hún fór að leka og jafnvel hrundi loftið í kórnum að hluta eftir að staðurinn var kominn í eigu Gríms Thomsen. Raunar segir Benedikt Gröndal í Dægradvöl að Grímur hafi notað kirkjuna meðal annars til þess að þurrka þvott. Það var ekki fyrr en

eftir að Skúli Thoroddsen eignaðist Bessastaði, að ráðist var í nauðsynlegt og löngu tímabært viðhald á staðarhúsunum.



Ýmsar breytingar voru gerðar í gegnum tíðina á innréttingum Bessastaðakirkju en líka á ytra útliti. Náðu þær meðal annars til þakkvista, glugga og jafnvel var grafhýsi byggt utan í norðurvegg kirkjunnar á árunum 1784-1786, og það síðar rífið. Enn sést móta fyrir dyraopinu sem var milli kirkju og grafhýsis í steinhleðslunni utan á norðurveggnum. Þá voru líka lengi vel útidyr á syðri langvegg kirkjunnar. Ef til vill má segja að róttækustu breytingarnar á kirkjunni frá upphafi, séu útskipti á öllum innviðum hennar og gólfi, sem fram fóru á árunum 1946-48. Þessar breytingar voru afar umdeildar á sinni tíð og eru jafnvel enn. Í bókinni „Steinhúsin gömlu á Íslandi“ er talað um framkvæmdina

sem „býsna harkalegar viðgerðir og breytingar“. Illa mun hafa verið gengið um gömlu innviðina sem voru rifnir innan úr kirkjunni og þeir látnir liggja úti í öllum veðrum þar til ungur fornleifafræðingur fór að boði Matthíasar Þórðarsonar Þjóðminjavarðar til þess að líta eftir þeim. Hann kom því til bjargar sem bjargað varð og margt var flutt til geymslu hjá Þjóðminjasafninu. Þessi fornleifafræðingur var Kristján Eldjárn, sem sjálfur varð síðar forseti lýðveldisins og sat sem slíkur á Bessastöðum árin 1968-1980. Mörgum sérfræðingnum um byggingarlist og


byggingasögu þykir að steindir gluggar kirkjunnar séu gróft lýti í samhengi byggingarinnar þó að þeir séu að sönnu afskaplega fallegir gripir í sjálfu sér. Sagt hefur verið jákvætt um gluggana að þeir hylji það þó hvernig kirkjan var leikin að innan við endurbæturnar á fimmta áratugnum. Steindu gluggarnir komu þannig til að Ásgeir Ásgeirsson valdi sér þá sjálfur sem sextugsafmælisgjöf frá ríkisstjórn Íslands. Listamennirnir Guðmundur Einarsson frá Miðdal og Finnur Jónsson teiknuðu gluggana í samráði við forsetann og þeir smíðaðir í Englandi.

Í dag er upphækkun í gólfi einu skilin milli kórs og kirkju. Fremst er lítill söngpallur og orgel, kirkjubekkir og predikunarstóll eru einfaldir að gerð og nokkuð hefðbundnir, teiknaðir af Guðjóni Samúelssyni húsameistara. Predikunarstóllinn er skorinn út af Ríkarði Jónssyni. Innst í kirkjunni á austurvegg hanga minningarskildir um látna forseta og að auki eru tveir stórir legsteinar múraðir upp á sitthvorn langvegginn, þeirra Magnúsar Gíslasonar amtmanns og Páls Stígssonar hirðstjóra. Altaristafla kirkjunnar er máluð af Muggi (Guðmundi Thorsteinssyni). Hún er eign Listasafns Íslands en er lánuð kirkjunni. Sé grannt skoðað, má telja víst að Muggur hafi aldrei lokið fyllilega við verkið.

Ýmsir áhugamenn um Bessastaði eru áfram um að færa kirkjuna að einhverju leyti til eldra horfs. Tæplega er raunhæft að ætla að færa innviði til upprunalegs



horfs og því síður að notast við eldri viði og búnað sem hefur varðveist að einhverju leyti. Nokkrar útfærslur á endurgerð koma til greina, sem allar væru fallnar til þess að sýna kirkju- og staðarsögunni sóma. Ekki er víst að af slíkum hugmyndum verði og þeir sem eru því mótdrægir leiða rök að því að hvert tímabil í notkunar-sögu kirkjunnar sé jafn rétthátt öðru og allar breytingar í þessa veru myndu draga úr notagildi kirkjunnar til daglegra athafna.



BESSASTAÐIR og KONUNGSVALDIÐ



Aðsetur fulltrúa erlends valds

Eftir dauða Snorra Sturlusonar, eignaðist Þórður Sighvatsson Bessastaði með sama hætti og hann sölsaði undir sig öll lönd og aðrar eigur Snorra. Fljótlega fóru Bessastaðir svo undir Noregskonung og urðu meðal mikilvægustu landareigna hans á Íslandi þar sem staðurinn lá vel við siglingum og var heldur ekki fjarri Alþingi né Skálholti. Bessastaðir urðu ásamt Þingvöllum, og að sumu leyti biskupsstólunum, höfuðstaður landsins og aðsetur fulltrúa erlends konungsvalds um aldir, fyrst hins norska en lengst þess danska. Um leið urðu þeir tákn þess valds, sem oftast fór fram með harðneskju og takmarkaðri mildi gagnvart almenningi. Stundum leigði konungur hirðstjórum á Bessastöðum landið með gögnum og gæðum og lágu þá landsmenn undir þungri ánauð.

„Svartasti bletturinn“

Þorsteinn Erlingsson skáld sagði í blaðagrein árið 1903: „Á landi okkar eru tveir blettir, sem einhvernvegin er svo skamt á milli í mínu höfði, að jeg get varla hugsað svo um annan, að mjer detti hinn ekki í hug um leið, og er það vafalaust af því, að mjer finst annar vera ljósasti bletturinn á landinu, en hinn sá svartasti. Þessir blettir eru Þingvöllur og Bessastaðir, skoðaðir í sjónauka sögunnar.“ Þessi orð skáldsins kunna að endurspegla afstöðu mikils hluta almennings til þeirra valdsmanna sem byggðu Bessastaði og ríktu þar í nafni konungs á hverjum tíma.

Hirðstjórar, höfuðsmenn og fógetar inntu af hendi skattheimtu, mörkuðu landslýð reglur og fyrirmæli ásamt því að refsa þeim sem fóru á svig við lög og rétt. Refsingar voru harkalegri á fyrri öldum en í dag og meðal þeirra má telja gapastokk, húðlát og aftökur. Skáldið lýsti líka þannig legsteini Páls Stígssonar, hirðstjóra á Bessastöðum á seinni hluta 16. aldar: „Myndin er hin ógeðslegasta óprýði kirkjunnar, en að öðru leyti á vel við að geyma hana þar sem minnisteikn danska valdsins á Íslandi og Bessastöðum, því Páll Stígsson, faðir Stóradóms, er andlegt vesalmenni, grimmur og þrællyndur og kóngsveldinu svo trúr og Íslandi svo óþarfur, sem hann hafði greind til og áræði. Að vísu má finna verri mann danskan á Bessastöðum, af því úr svo miklu er að velja, en Páll Stígsson sómir



sjer þar vel innankórs í kirkjunni.“ Þessi orð Þorsteins Erlingssonar féllu löngu áður en Bessastaðir urðu aðsetur æðstu þjóðkjörinna embættismanna íslenskra og sú afstaða sem þau lýsa virðist hafa verið nokkuð almenn og loðað við staðinn lengi.

Í grein Víkverja í Morgunblaðinu 7. júlí 1944, undir yfirskriftinni „Úr daglega lífinu“ segir svo: „Þegar ríkisstjóri settist að á Bessastöðum, heyrðust óánægjuraddir vegna þess, að Bessastaðir skyldu hafa verið valdir fyrir ríkisstjórabústað. Sterkustu rökin fyrir því, að ekki hæfði að gera Bessastaði að ríkisstjórabústað voru þau, að við staðinn væru tengdar minningar um danska stjórn – Bessastaðavaldið hefir aldrei verið vinsælt á Íslandi og það voru margir, sem tóku undir þetta.“

Bessastaðaböðull

Stóridómur var samansafn siðareglna frá 1564 sem settar voru að undirlagi Páls Stígssonar. Hann kvað á um þungar refsingar ef menn brytu gegn ákvæðum hans, sem voru harðari en þau refsiviðurlög sem þó tíðkuðust fyrir siðaskiptin, á tímabili sem nefnt hefur verið „öld kirkjuvaldsins“. Reglunum var stranglega

framfylgt og til að mynda var sérstakt embætti böðuls starfrækt á Bessastöðum um langa hríð. Ekki er að finna miklar heimildir um böðlana á Bessastöðum þó að einstaka frásagnir megi finna í annálum sem varða þá en þær eru þeim ekki til mikils lofs. Ekki er víst að böðull hafi haft aðsetur á Bessastöðum en þó ekki ólíklegt samkvæmt frásögninni hér á eftir. Af ýmsu má marka að erfiðlega hafi gengið að fá menn til böðulsstarfsins og jafnvel sinntu því hreinir örvasar sem áttu í vandræðum með að beita böðulsöxinni af þeim styrk og þeirri nákvæmni sem starfið útheimti.

Eftirfarandi lýsingu er að finna í Lesbók Morgunblaðsins frá árinu 1957.

Það hafði komið fyrir á Alþingi 1602, að taka átti útilegumann af lífi. Jón hét böðullinn, þá „orðinn gamall og slæmur og krassaði í höggunum“, og þurfti ein 30 högg til þess að ná höfðinu af sakamanninum. Þetta þótti illt afspurnar. „Voru þá áminningar gerðar yfirvöldunum, að hafa örugga menn til slíks embættis, svo landið yrði ekki að spotti í þeirri grein“. Magnús sýslumaður hafði nú engan böðul, er hann gæti treyst til að höggva Guðmund. Sendi hann því suður að Bessastöðum til þess að fá böðulinn þar. Svo er að sjá sem Íslendingar hafi alltaf haft andstyggð á böðulsstarfinu, og enginn heiðarlegur maður viljað gefa sig við því. Hafði og gengið hálskrykkjótt með böðlana á Bessastöðum. Eftir að Jón böðull var úr leik, varð sá maður böðull á Bessastöðum, er Guðlaugur hét. Hann bjó á Hvaleyri. Þá stóðu búðir dönsku kaupmannanna á Hvaleyrargranda. Guðlaugur hafði brotízt inn í þær og stolið einhverju. Voru honum þá settir tveir kostir, annað hvort skyldi hann dæmdur óbótamaður eða þá að hann gerðist böðull. Kaus Guðlaugur seinni kostinn og barg þannig lífi sínu. Eftir hann varð böðull á Bessastöðum sá maður er Jón Steingrímsson hét. En illa fór fyrir honum. Varð honum það á, að eiga barn með dóttur konu sinnar 1636. Varaðist hann þannig ekki Stóradóm, þótt hann væri „embættismaður“ á sjálfu höfuðsetri danska valdsins. Fyrir þetta ódæði voru þau Jón böðull og stúlkan tekin af lífi í Kópavogi í ágústmánuði 1636, og eru dysjuð þar. Var því kominn nýr böðull á Bessastöðum þegar sendimaður Magnúsar sýslumanns kom þangað, en ókunnugt er hvað hann hefir heitið. Jens Söffrenson umboðsmaður bjóst þegar til norðurferðar, er honum komu orð Magnúsar sýslumanns, og hafði böðulinn með sér. Verður ekki betur séð en að hann hafi viljað líta eftir því að Guðmund ræki ekki undan. Var hann svo við aftökuna, en hún fór fram í Spjaldhaga. Lét þar atgervismaðurinn Guðmundur Jónsson líf sitt. En Jens Söffrenson reið þá um Norðurland „og tók á móti gjöfum, þar sem buðust“.

Þessi frásögn er að vissu leyti í samræmi við böðulseið sem skráður er í Setbergsannál árið 1666.

Til þess legg ég hönd á helga bók og svo skýt ég máli mínu til guðs, að ég ljúflega óneyddur játa og lofa, sakir minna afbrota við guð og menn til, að þjóna mínum náðuga

herra og kóngi og hans umboðsmanni í þann máta að strýkja og marka og ekki að þyrma þeim sakamönnum, sem sig í hans sýslu til refsingar forbrotið hafa, með allri trú, dyggð og hollustu, nær hann til kallar, og ég skal ekki um hlaupast. Og að svo stöfuðum eiði sé mér guð hollur sem ég segi satt, gramur, ef ég lýg.

Ekki þarf frekar vitnanna við: „...sakir minna afbrota við guð og menn...” Böðulsstarfið hefur mest freistað þeirra sem áttu ekki annan kost, nema einn – og hann verri.

Gömul böðulsvísa er gróf og ef til vill sannverðug lýsing á starfanum, sem hefur trúlega ekki verið fallin til þess að laða menn í embættið:

*Berja, gelda, bita, slá,
blinda, klóra, fleingja,
brenna, reka útlegð á,
aflífa og heingja.*

ÚR ÞJÓÐSÖGUM

Kapelluhraun

Í Gullbringusýslu er hraun eitt mikið milli Hafnarfjarðar og Vatnsleysustrandar og heitir nokkur hluti þess Kapelluhraun og dregur nafn af kapelli sem í því stendur. Hún er að norðanverðu við veginn hlaðin upp af hellugrjóti í lögun eins og borg. Dyrnar hafa snúið móti suðri, en nú eru þær fullar af mold og mosa. Kapellan er og hærri að norðan en sunnan. Sagt er að í kapellunni sé grafinn einn af umboðsmönnum þeim sem áður voru á Bessastöðum. Var honum gert umsátur þarna í hrauninu, drepinn þar og grafinn.

Fálkaverslun

Íslenskir fálkar voru konungsgersemar frá fornu fari en þó varð Friðrik II, sem ríkti á 16. öld, fyrstur danskra konunga til þess að koma fálkahöndlun á viðskiptagrunn. Öllum veiðum og útflutningi fálka frá Íslandi varð um tíma stjórnað af danska yfirvaldinu. Sérstakir fálkafangarar voru skipaðir og landinu skipt upp í veiðisvæði. Fálkarnir voru fluttir í fálkahús á Bessastöðum og haldnir

þar þangað til þeim var komið á skip til Kaupmannahafnar. Á yfirlitsmynd af húsaskipun á Bessastöðum sem Pingel amtmaður gerði árið 1751 sýnir hann staðsetningu fálkahússins á bakvið landfógetabústaðinn og lítur það þar út fyrir að vera með stærstu staðarhúsunum. Húsið var flutt til Reykjavíkur árið 1762.

Ákvæði um fálkaveiðar og umhirðu voru gjarnan í erindisbréfum höfuðsmanna á Bessastöðum enda miklir hagsmunir fyrir konung að vel tækist til því að sala á fálkum var honum drjúg tekjulind.

Forsetaembættið hjúkrar fálkaunga til heilsu

Birgir Olgeirsson skrifar · 28. desember 2019 17:21



Fálkar eru ekki óalgeng sjón á Bessastöðum og athygli vakti í desember árið 2019 þegar fjölmiðlar birtu frásögn af fálkaunga sem lenti í hremmingum á staðnum á öðrum degi jóla. Unginn, sem gefið var nafnið Kría, var tekinn á hús og honum hjúkrað og sinnt eftir leiðbeiningum Náttúrufræðistofnunar. Síðar var Kría flutt í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn í Reykjavík og var sleppt

þaðan þegar hún þótti vera orðin fær um að bjarga sér úti í náttúrunni á eigin spýtur. Þann 12. janúar 2021 birti svo Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands mynd af Kríu á síðu sinni á Facebook ásamt frétt um að fuglinn hefði sést nýlega við Garðskaga og í Sandgerði.

Viðreisnarmál

Upplýsingin svokallaða hóf innreið sína á Íslandi um miðja 18. öld með ýmsum pólitískum og efnahagslegum framförum. Ýmsar hugmyndir voru uppi um eflingu atvinnuvega á Ísland, bæði í danska þinginu og meðal Íslendinga sjálfra, sem mörgum hverjum var komið í framkvæmd um lengri eða skemmri tíma. Skúli Magnússon, sem skipaður var landfógeti 1749 var meðal annarra í

forystuhlutverki um að koma á léttum iðnaði í Reykjavík, sem tæki einkum til betri og afkastameiri nýtingar dýraafurða auk fiskveiða. Ekki var síður áhugi innan rentukammersins í Kaupmannahöfn á því að leggja akuryrkju og jarðrækt lið. Svo fór að kóngur lagði Hinu íslenska hlutafélagi til 10.000 ríkisdali vorið 1752, þó svo að Skúli hefði aðeins farið fram á 6.000 ríkisdali fyrir þess hönd. Félagið hafði Magnús Gíslason lögmaður haft forgöngu um að stofna árið á undan, en upphafleg hugmynd hans að beiðni um fjárstuðning var aðeins upp á 200 ríkisdali. Magnús varð amtmaður sama ár og hans er getið nánar í kaflanum um húsakostinn á Bessastöðum.

Klæðavefsmiðja

Skúli Magnússon hafði aðsetur á þessum tíma á Bessastöðum. Hin rausnarlega fjárveiting kóngrs til félagsins leiddi til þess að hafist var handa við að reisa verksmiðjuhús í Reykjavík árið 1752, sem þekkt urðu sem Innréttingarnar, og um svipað leyti var í tengslum við það stofnsett ullarvefsmiðja á Bessastöðum. Þar var unnið úr ull sem spunnin var á staðnum undir stjórn dansks vefsmiðjustjóra að nafni Dannenberg. Starfsemin á Bessastöðum virðist hafa verið brokkgeng og fjármögnun í óvissu ásamt því sem erfitt var um hráefnisöflun. Að endingu var vefsmiðjan flutt til Reykjavíkur veturinn 1755-1756.

Matjurtagarður


Sama ár og vefsmiðjan var stofnsett, 1752, tók stiftamtmaður sig til og lét gera sáðreit á Sjóbúðarflöt þar sem sáð var fyrir byggi, baunum og kúmeni. Ræktunin mun ekki hafa staðið lengi en enn er að finna sjálfsáið kúmen í Bessastaðanesi.

Reynt var á sama tíma að hefja trjárækt á Bessastöðum með því að settar voru niður ungar víðiþlöntur en þær lifðu ekki árið.

Síðasti valdsmaðurinn

Trampe greifi, sem hafði verið dómari á Lálandi, var skipaður amtmaður á Íslandi 1804, eftir að Ludvig Erichsen kammerráð lést fyrr á því sama ári. Trampe vék sjálfviljugur af Bessastöðum og settist að í Reykjavík til þess að latínuskólinn gæti komið sér þar fyrir og hafið skólastarf.

BESSASTAÐASKÓLI



Skóli tekur til starfa

Hólavallaskóli tók til starfa í Reykjavík haustið 1786. Hann var arftaki gömlu latínuskólanna sem áður voru lengst starfræktir á biskupsstólunum á Hólum og í Skálholti en þar áður í ýmsu formi allt frá 11. öld. Skólahald var lagt af á Hólavöllum árið 1804 vegna ýmissa samverkandi þátta, svo sem bágborins ástands skólahússins og alvarlegs heilsuleysis meðal skólapilta. Ekki var heldur laust við heilsuvanda meðal kennara og skólastjórnenda, að meðtalinni drykkjuhneigð.

Í kjölfarið var stofnsettur latínuskóli í stiftamtmannhúsinu á Bessastöðum (Bessastaðastofu) árið 1805. Þröngt var um starfsemina þar og ætlunin var sú að á Bessastöðum yrði skólahald aðeins til bráðabirgða en þannig fór að Bessastaðaskóli var starfræktur í áratugi. Kennd var latína, gríska, guðfræði, stærðfræði, saga, landafræði, danska, íslenskur stíll, þýska og franska ásamt hebresku. Sjá má af námsefninu að latínuskólinn var einkum undirbúningur prestsefna til framhaldsnáms. Kennarar og margir nemendur Bessastaðaskóla voru á þessum tíma og urðu síðar nafntogaðir fræðimenn og skáld. Meðal kennara voru Hallgrímur Scheving og Sveinbjörn Egilsson. Þá var Þorgrímur Tómasson, gullsmiður, ráðsmaður skólans frá árinu 1817. Hann var faðir Gríms Thomsen, skálds, sem síðar átti eftir að eignast Bessastaði.

Skólamenning og aðbúnaður

Benedikt Gröndal, skáld og sonur Sveinbjörns Egilssonar kennara, hóf nám við Bessastaðaskóla árið 1842. Í sjálfsævisögu sinni, *Dægradvöl*, lýsti hann bæði skólagöngu sinni og skólaháttum. Nýsveinar eða busar hlutu þrenns konar vígslu sem hann kallar „hátíðleika“. Þetta voru „skírnin“, „jambus“ og „descensio“. Skírnin var þannig að busarnir voru leiddir hver á eftir öðrum niður að Bessastaðatjörn af eldri nemum, vaðið út í og höfði þeirra dýft í tjörnina í næturmyrkri. Fyrir og eftir var svarist undir þagmælsku og tryggð við skólafélagið. Jambus var þannig að nýsveinarnir voru beygðir óþyrmelega upp og

niður undir sérstökum söng „svo hroðalega að piltunum varð illt af, með höfuðverk og blóðnösum“. Gröndal lýsir descensio þannig:

Desensionin var það að nýsveinum var hrundið ofan af Bessastaðahólnum sem var snarbrattur, og var þetta gert í þíðum og leysingum, og þótti fræknleikur að missa ekki fótanna; annars var þetta ekki neitt leyndarmál, og enda gert við fleiri en nýsveina. Ekki held ég neinum hafi orðið meint við það þó vel hefði mátt verða.

Gröndal sagði þá skoðun sína að skólapiltar hafi verið oflátungar og orðaði það þannig að þeir hafi „tildrað sér upp yfir almúgann“. Sumir piltanna munu hafa verið sterkir vel og þeir hafa stundað ýmsa hrekki, og slagsmál ekki verið alls óþekkt. Jónas Hallgrímsson, skáld og náttúrufræðingur, var nemandi við Bessastaðaskóla áratug eða meir á undan Gröndal. Hann sagði í bréfi til Tómasar Sæmundssonar vinar síns, sem hann skrifaði á Bessastöðum snemma árs 1828:

Við lifum hér sáttir og samlyndir fyrri það mesta – að sönnu kom hér upp ljót rimma í vetur milli loftanna, en það jafnaði sig aftur eftir ýmsar byltingar og marga hættulega bardaga.

ÚR ÞJÓÐSÖGUM

Vofan á Bessastöðum (sagnir af séra Þórði Þorgrímssyni)

Þegar séra Þórður var í Bessastaðaskóla voru skólapiltar þar mjög ærslafengnir. Jensína hét stúlkan, sem hirti um fót piltanna og gerðu þeir sér dælt við hana, en hún launaði fyrir sig. Hún færði þeim hrein nærföt á laugardagskvöldin og til að forðast hrekki þeirra kom hún ekki með þau fyrr en allir voru sofnaðir. Eitt laugardagskvöld keyrðu ólæti og ærsl piltanna svo úr hófi fram að Þórði þótti nóg um. Hann gat ekki sofnað og vakti um stund og voru allir aðrir sofnaðir en ljós logaði í stofunni. Allt í einu sá hann að kona var komin inn í stofuna, og stóð rétt fyrir innan hurðina, skammt frá rúmi hans. Hann hélt fyrst að þetta væri Jensína. Hann virti hana vandlega fyrir sér og sá að þetta var hvorki Jensína eða nokkur önnur kona, sem hann þekkti. Þykist hann þá vita að þetta sé einhver vond vera, sprettur fram úr rúminu, ávarpar konukind þessa og spyr hana hvort hún vilji sjá á sér hnefana. Við þetta hvarf hún sjónum hans og án þess að nokkrar dyr opnuðust. Daginn eftir sagði hann skólabræðrum sínum frá sýn þessari, héldu þeir að þetta hafi verið illur andi, sem hefði verið hjá þeim í ærslunum um kvöldið og létu þeir aldrei eins illa eftir þetta.

Jónas vísar hér til þess að svefnhús skólapiltanna voru á efri hæð Bessastaðastofu, kölluð „stóra loft“ og „litla loft“, sem líka var kallað „amtmansssonaloftið“.

Ef til vill var ekki mikil innistæða fyrir oflætinu og þeirri stéttskiptingu sem lesa má hér á milli línanna, og ekki er víst að orðið hafi stórkostleg framför að öllu leyti í aðbúnaði og lifnaði innan veggja skólans frá því sem var í tíð Hólavallaskóla.

Enskur ferðamaður að nafni John Barrow heimsótti Bessastaðaskóla árið 1834. Þetta var að sumarlagi og Barrow hitti ekki fyrir nema einn mann sem hann sagði hafa sýnt sér húsakynni skólans. Maðurinn var kurteis og samtalsfús en Barrow leist illa á hreinlæti og aðbúnað á staðnum. Allt hafi verið í mjög aumkunarverðu horfi og skítugt, og svo hafi virst sem ekkert hefði verið þrifið í árávis. Auðveldlega hefði mátt villast á svefnherbergjum skólapilta og stíum dýra, í lokrekkjum hafi hey og strá verið í stað dýna og rúmföt skítug. Bókasafn skólans, sem samanstóð einkum af ritum á grísku og latínu sagði Barrow hafa verið jafn skítugt og önnur rými, og þar ægði bókum saman í óskipulegri kös.

Bessastaðaskóli var lagður niður 1846 og starfsemi hans flutt í nýtt skólahúsnæði undir nýju nafni. Hinn lærði skóli í Reykjavík var stofnsettur í miðbæ Reykjavíkur og var forveri Menntaskólans í Reykjavík, sem enn er starfræktur í sama húsi.



SVIPIR OG FYRIRBURÐIR



Reimleikar og myrkfælni

Upp úr aldamótunum 1900, þegar Skúli Thoroddsen og fjölskylda hans bjuggu á Bessastöðum var haft fyrir satt að reimt væri á Bessastöðum og mun ekki hafa þótt tiltökumál í svo gömlum húsum með mikla sögu. Ýmislegt það var sagt bera fyrir augu og eyru sumra sem aðrir sáu ekki né heyrðu og myrkfælni mun hafa plagað ungt fólk á staðnum.

Einar H. Kvaran dvaldi heilt ár á Bessastöðum hjá Jóni H. Þorbergssyni og skráði sögur sem gengu af dularfullum hljóðum frá miklum umgangi og hófataki auk annars svo sem banki á glugga. Jón settist að á Bessastöðum í maímánuði árið 1917. Snemma dags fyrsta morguninn hans þar er bankað á dyr svefnherbergisins og inn kemur kona sem leiðir tvö lítil börn. Konan er döpur að sjá og spyr á íslensku en með erlendum hreim hvort Jón hyggist verða henni jafn erfiður og aðrir sem þarna hafi verið. Jón svarar henni neitandi. Konan hvarf en birtist svo aftur og sagðist heita Appólónía Schwartzkopf, hefði hún sjálf tekið inn eitur en kennt öðrum um að byrja sér það.

ÚR ÞJÓÐSÖGUM

Sagnir Árna Jóhannessonar: VIII. Um Bessastaða-Móra

Pétur hét sunnlenskur ungur maður, orðlagður fyrir ruddaskap og fúlmennsku. Hann varð manni að bana. Pétur átti auðuga ættingja, er leysti hann frá dauðadómi með fébótum. Ári seinna myrti Pétur annan mann. Leitaði hann þá enn til frænda síns með fébætur og galt þær fyrir vígið, en gat þess jafnframt, að slíkt mundi hann ekki gera í þriðja sinn. Ekki leið á löngu uns Pétur vó þriðja manninn. Leitaði hann enn til sama ættingja, sem var mjög tregur til en um síðir taldi hann peningana fram á borðið. Kona hans sem hafði haft veður af þessu kom og sópaði peningunum saman og neitaði að láta þá af hendi. Var þá staðfestur dauðadómur Péturs og hann líflátinn. Hann hótaði að ganga aftur og fylgja ætt þessari gegn um níu ættliði. Strax eftir líflátið fór hann að ganga ljósum logum milli fólks og varð svo rammaukinn, að mat varð að gefa honum og vann hann ýmiss spjöll, sem meindraugum er tamt. Maður af þessari ætt eignaðist barn með vinnukonu, sem var á Bessastöðum. Bað faðirinn móðurina að gæta barnsins vandlega skilja það aldrei eftir eitt, ella gæti verr farið. Svo gerðist það

að móðirin skildi barnið eitt eftir uppi á loftinu. Unglingurinn Páll fór upp á loftið litlu síðar og sá þá ókunnugan mann standa við rúm barnsins og styðja höndum ofan á hvítvoðunginn. Maður þessi var klæddur í sauðmórauð föt með samlitan hattkúf á hausnum. Móðirin hljóp í ofboði upp á loftið en þá var maðurinn horfinn. Þau sáu að blár blettur var komin á kinn barnsins, sem smábreiddist út. Vaknaði barnið með miklum þjáningum og færðist blámi um allan kroppinn. Að stundarkorni liðnu var barnið liðið lík. Páll sá þessum mórauða draugi oft bregða fyrir, uns hann fór frá Bessastöðum 18 ára gamall. Sagði hann Árna Jóhannessyni frá þessu árið 1895 og taldi þá Bessastaða-Móra þá ekki dauðan með öllu.

Appólónía Schwartzkopf

Niels Fuhrmann hét norskur maður sem skipaður var amtmaður á Íslandi árið 1718. Hann hafði heitbundist ungri konu að nafni Appólónía Schwartzkopf í Kaupmannahöfn en slitið trúlofun sinni við hana áður en hann tók við amtmannsembættinu og settist að á Bessastöðum. Appólónía, sem sjálf var frá Bergen í Noregi líkt og hann, sótti mál gegn Fuhrmann vegna heitrofsins ytra og var hann dæmdur til þess að ganga að eiga hana. Þá var hann skikkaður til hárreiðslna til hennar þar til af brúðkaupinu yrði. Fuhrmann fluttist til Bessastaða ásamt ráðskonu sinni, Katrínu Holm, og dóttur hennar, Karen, sem varð frilla hans þar. Appólónía elti nú Fuhrmann til Íslands og kom að Bessastöðum þar sem henni var veitt húsaskjól og dvaldi hún þar ásamt heitmanni sínum og hinum konunum tveimur þar til hún lést svíplega árið 1724, tveimur árum eftir komuna. Strax vaknaði grunur um að mæðgurnar tvær hefðu drepit Appólóníu með eitri og upphófust mjög langvinn og dýr málaferli vegna þess en ekkert varð þó sannað við rannsókn. Mæðgurnar voru því sýknaðar um síðir.

Mörgum hafa orðið hin dramatísku örlög Appólóníu Schwartzkopf hugleikin og meðal annars samdi Þórunn Sigurðardóttir leikritið Haustbrúði út frá þessari sögu auk þess sem Guðmundur Daníelsson skrifaði skáldsöguna Hrafnhettu sem kom út árið 1958. Mörg dæmi eru um það alla tíð frá dauða Appólóníu Schwartzkopf að fólk telur sig verða hennar vart á Bessastöðum. Halldóra Pálsdóttir (1936-2015), sem lengi var ráðskona á Bessastöðum, sagði svo frá atburðum sem urðu líklega í kringum árið 1957:

Guðmundur Daníelsson var mikill vinur forsetans og hann ætlaði að fara að skrifa bókina Hrafnhettu. Hann bað um það að fá að koma hér til Bessastaða og prófa andrúmsloftið og annað hérna á staðnum. Þá var svokölluð hjáleiga hérna úti. Þar var íbúð og hann átti að búa í þessari íbúð. Svo var lítið gestaherbergi uppi á lofti Bessastaðastofu við hliðina á íbúð forseta, þar sem hann skyldi gista um nóttina áður en hann færi þarna út í hjáleigu. Hann var búinn að vera hérna í mat fyrsta kvöldið, sat og rabbaði við forsetahjónin En við stúlkurnar þrjár gengum til náða. Stúlkan sem var með mér í herbergi heitir Auður Aðalsteinsdóttir, býr hér á Nesinu og vann hérna á staðnum líka. Nema það að við vorum komnar inn í herbergið okkar og ætluðum að fara að sofa, en það var pallur fyrir framan. Þá heyrðum við Auður báðar inn í okkar herbergi að einhver gekk frammi á pallinum. Sú sem gekk þarna á pallinum virtist vera í kjól eða einhverju sem var sítt og það skrífaði í því. Við heyrðum skrífið í pilsunum og öllu saman og við fórum fram, héldum jafnvel að Dóra Þórhallsdóttir forsetafrú væri að leita að okkur. Við opnuðum dyrnar, þá hittist svoleiðis á að Jónína, sem var þá ráðskona, heyrði þetta líka og hún kemur líka út í gætt á sínu herbergi og svo stóðum við í sitthvorum dyrunum og horfðum hvor á aðra. Þetta var ápreifanlegt, við heyrðum þetta þrjár. Ég held að við höfum nú ekkert verið hræddar, við vorum vanar þessu, við vorum von að heyra hljóð og hitt og þetta. Vorum ekkert að kippa okkur upp við það. Ég held að okkur hafi öllum dottið Appólónía Schwartzkopf í hug. Við töluðum um það daginn eftir og vorum alveg klárar að þetta hefði verið hún. En við vitum ekkert um það. Engin okkar sá neitt. Við bara heyrðum. Og ég heyri alveg ennþá skrífið í pilsunum.

ÚR ÞJÓÐSÖGUM

Guðmundur ríki í Brokey

Guðmundur bjó að Narfeyri og því næst í Brokey. Hann andaðist þar 1720. Guðmundur var auðugur og því nefndur Guðmundur ríki. Þegar snauðir menn báðu hann um ölmusu vísaði hann þeim að éta klakann úr fjallinu við Narfeyri. Honum hefndist fyrir þessa harðýgi, því seinasta hálfu mánuðinn sem hann lifði, gat hann ekki nærst á öðru en að sjúga úr klaka. Ís og klaki var sóttur handa honum í Drápuhlíðarfjall. Guðmundur og kona hans, Helga frá Skarði, áttu 3 börn sem dóu öll í stóru-bólu 1707. Guðmundur arfleiddi Fuhrmann amtmann af öllum sínum eigum. Hluti eignanna var látinn í skemmu eina á Bessastöðum. Morguninn eftir var skemman brunnin upp með öllu, en þeir peningar er amtmaður hafði með sér frá Brokey, gengu í Swartzkopfs-málið.


Sóti

Sagt er að eftir að Sóti, hestur Gríms Thomsen, var felldur í landi Bessastaða eins og sagt er frá hér aftar, hafi svip hans lengi síðar brugðið fyrir utan við gluggana á Bessastaðastofu. Þá er þessa frásögn að finna í 10. bindi sagnasafns Þorsteins M. Jónssonar, Grímu hinni nýju. Ef til vill er nærtækt að tengja hana við Sóta.

ÚR ÞJÓÐSÖGUM

Hófadynurinn í Bessastaðanesi

Heyskaparfólk úr Hafnarfirði reisti tjöld á Bessastaðanesi sumarið 1924 á milli tveggja mishæða. Var sagt að mishæðir þessar hefðu áður fyrr verið dysjar. Fólki fannst það verða vart við ýmislegt fyrir utan tjöldin. Eitt kvöld heyrðu tvær konur sem voru heima hjá tjöldunum mikinn gný og fannst þeim það vera hófadynur. Heyrðu þær þetta mjög nálægt sér en sáu þó ekkert. Upp frá þessu heyrðist þetta sama mjög oft en aldrei fannst nein skýring á því.



NOKKRIR EIGENDUR OG ÁBÚENDUR TIL 1941



Grímur og Jakobína Thomsen

Grímur Thomsen átti sér æskuheimili á Bessastöðum þar sem Þorgrímur Tómasson faðir hans var skólaráðsmaður í Bessastaðaskóla auk þess sem hann lagði þar stund á gullsmíði. Þar var Grímur fæddur árið 1820 og þar lést hann 1896 en hann keypti Bessastaði og settist þar að árið 1868 eftir farsæla starfsævi í utanríkisþjónustu Dana og feril sem skáld. Á Bessastöðum áttu stjórnmal og ritstörf hug hans allan en Jakobína eiginkona hans mun meira hafa annast búreksturinn.

Jakobína Thomsen, eiginkona Gríms, var fædd Karólína Jakobína Jónsdóttir og átti fram að kynnum þeirra heima hjá foreldrum sínum að Hólmum við Reyðarfjörð þegar bréf barst henni frá Grími Thomsen, þar sem hann falaðist eftir henni sem húsfreyju á Bessastaði. Þau þekktust ekki og höfðu aldrei hist en frænka Gríms hafði vísað honum á Jakobínu þegar hann bað hana að segja sér nafnið á besta kvonfangi á öllu Íslandi.

Ráða má af heimildum að Grímur hafi verið um margt harðdrægur í samskiptum við fólk eftir að hann settist að á Bessastöðum. Hann gat verið bæði orðhvatur og óvæginn í gjörðum, eins og eftirfarandi saga lýsir:

Nokkrir menn voru að bika bát fyrir Grím niðri í Bessastaðanesi. Höfðu þeir sjóðandi tjörupott við bikunina. Þennan dag sagðist Grímur þurfa að sitja fund í Reykjavík. Þegar Grímur var farinn fóru verkamennirnir sér að engu óðslega og dunduðu við verkið í ró og næði. Allt í einu vita þeir ekki fyrr en Grímur er kominn til þeirra og er hinn reiðasti. Segir hann þá vera arma augnaþjóna að svíkjast um í þeirri trú, að húsbóndinn væri hvergi nærri. Einn mannanna varð fyrir svipuhöggi. Varð þá maðurinn æfur, gekk að tjörupottinum og greip hann af eldinum. Grímur sá hvað verða vildi og sneri hvatlega undan, en maðurinn kastaði pottinum eftir honum með glóandi tjörunni.

Þrátt fyrir þessa skaphöfn sína mun Grímur þó hafa verið sérstaklega elskur að dýrum. Þannig kemur afstaða hans til dýranna Erlendi Björnssyni á Breiðabólstöðum fyrir sjónir: „Einu sinni bar kýr hjá honum í hágróandanum. Grímur lét tjóðra hana og kálfinn vera hjá henni um tíma. Þetta þótti nýmæli, en

tilfinningar dýranna komust nær hjarta Gríms en tíðarandinn. Hann vildi, að öllum skepnum liði vel.“

ÚR ÞJÓÐSÖGUM

Sagnir Árna Jóhannessonar: IX. Smælki um Grím Thomsen

Þegar Páll Jónsson Rangvöll (svo nefndur eftir Rangárvöllum við Akureyri), var unglingur hjá Grími Thomsen á Bessastöðum var hann látinn vaka yfir túninu á vorin. Lagði Grímur ríkt á við hann að rækja það starf dyggilega. Eina vornótt þegar Páll var að reka féð úr hluta túnsins, sem ekki sést frá bænum, varð hann var við að eitthvað kvikt fylgdi honum, og var allt öðruvísi í sköpulagi en menn og dýr, líktist þó meira manni mjög afkáranlegum í vexti. Páll varð hræddur, þessi óskapnaður flaksaðist með honum heimleiðis, fór inn í kirkjugarðinn og hvarf. Daginn eftir spurði Grímur Pál hvort eitthvað óvenjulegt hafi borið fyrir hann. Þá svaraði Páll: „Ég sá ekkert óvenjulegt, nema þetta skrímsli, sem þú sendir mér til að gera mig hræddan.“

Af hestinum Sóta

Grímur Thomsen átti hestinn Sóta, sem hann keypti austan frá Hornafirði og lét senda sér til Danmerkur. Sóti var sagður hávaxinn hestur, skapmikill og sérlega fótvis og um hann orti Grímur þessa hringendu:

*Sanda þylur, sverfir mél,
Sóti mylur grjótið vel,
fótaskilin fljót sem él,
fer sem bylur yfir mel.*

Sóti var fremur styggur en hlýddi alltaf kalli húsbónda síns og voru þeir einkar hændir hvor að öðrum. Hesturinn var tólf vetra gamall þegar Grímur flutti hann með sér til Íslands aftur árið 1867, og var sagður hafa hafnað bón sjálfs Danakonungs um að fá hann keyptan. Sóti var orðinn 27 vetra þegar hann var loks felldur um haustið árið 1882. Gröf var tekin norðaustan við Bessastaði og hann heygður með öllum reiðtygjum. Grímur var ekki nærri þegar Sóti var felldur en kom að gröf hans áður en mokað var ofaní, og munu tár hafa runnið niður hvarma hans, sem Grími var þó ekki tamt. Sagt er að Grímur Thomsen hafi tekið

Það loforð af þeim mönnum sem tóku gröf Sóta, að þeir myndu aldrei segja frá því hvar hann var heygður. Þetta leyndarmál Gríms hefur alla tíð verið vel varðveitt. Björn Erlendsson, sem fæddur var á Breiðabólssstöðum á Álftanesi árið 1898, mun hafa vitað um gröfina en aldrei sagt öðrum frá. Hann lést árið 1989 og var ef til vill síðasti maðurinn sem bjó yfir þessari vitneskju.



Skúli og Theodóra Thoroddsen

Skúli Thoroddsen hafði búið á Ísafirði og átt þar embættisferil sem sýslumaður áður en hann tók upp kaupskap og starfrækti bæði prentsmiðju og blaðaútgáfu. Jafnframt átti Skúli sæti um langt árabil á Alþingi. Hann keypti Bessastaði ásamt Theodóru konu sinni árið 1898 en þau fluttust ekki þangað fyrr en árið 1901 eftir að hafa látið gera ýmsar breytingar og bætur á staðarhúsunum. Theodóra var þjóðþekkt skáld og rithöfundur, auk þess að vera atkvæðamikil ásamt manni sínum í íslenskri sjálfstæðisbaráttu á fyrsta áratug 20. aldar.



Skúli lét reisa nýtt hús fyrir prentsmiðju á Bessastöðum og þar var Þjóðviljinn prentaður og gefinn út næstu árin þar til Skúli og fjölskylda fluttu bú sitt og alla starfsemi til Reykjavíkur árið 1908.

Björgúlfur Ólafsson og Þórunn Benediktsdóttir

Hjónin Björgúlfur Ólafsson læknir og Þórunn Benediktsdóttir keyptu Bessastaði og settust þar að árið 1928 eftir heimkomu frá langvarandi dvöl í Asíulöndum. Þar hafði Björgúlfur starfað sem herlæknir og yfirlæknir. Tekið var til þess að hann var mikill hæglætismaður en áorkaði miklu í lífinu. Auk læknisstarfanna fékkst hann talsvert við ritstörf og þýðingar. Meðan hann bjó á Bessastöðum skrifaði hann bókina „Frá Malajalöndum“, sem naut mikilla vinsælda.

Björgúlfur og Þórunn gerðu mikla bragarbót á staðnum, bæði á húsum og ræktarlandi. Meðal annars létu þau setja miðstöð í Bessastaðastofu, vatnsveitu og raflýsingu. Auk jarðyrkju starfræktu hjónin stórt kúabú.

Sigurður Jónasson

Athafnamaðurinn Sigurður Jónasson keypti Bessastaði árið 1940 og tók strax til við ýmsar framkvæmdir því hann ætlaði sér að halda áfram búrekstri en gera jafnframt hafnarbætur á jörðinni og taka upp verksmiðjurekstur. Hann vildi stórauka garðrækt og lét ræsa fram mikið land í því skyni. Það varð þó brátt um öll þessi áform því árið 1941 kannaði Hermann Jónasson forsætisráðherra hug Sigurðar til þess að selja ríkinu staðinn undir aðsetur ríkisstjóra en Sigurður brást við með því að gefa ríkinu Bessastaði.

ÚR ÞJÓÐSÖGUM

Steinflögurnar

Steinflögurnar sem hann fleytti á lognsjó frá bátabryggju á Borðeyri voru honum alla hans ævi tákn þess sem einarður vilji og víllaus hugur geta gert. Þetta sagði stórvaxinn maður með fjallbyggt andlit og hló um leið sínum sérstæða tröllahlátri. Móðir hans hafði sagt honum að ekkert væri ómögulegt þeim sem ætti ákveðið mark og léti ekkert hindra sig í því að ná því. Hún sagði honum að kasta flögunum uns þær næðu að skoppa lengra en flögur hinna drengjanna. Hún lagði líka áherslu á það að Íslendingur væri fyrst og fremst Íslendingur og rótslitinn yrði hann ef til annarra landa flyttist. Sagt er að hans verði minnst fyrir að gefa ríkinu Bessastaði og Geysi. Maðurinn með andlit íslensks fjalls gekk út úr kaffihúsinu og nokkru síðar bárust fréttir um andlát hans. Skyldi Sigurður Jónasson fleyta lífsflögum í ljósheimum þeirra liðnu?

HEIMILI ÞJÓÐAR



Forsetasetur

Áður var sagt frá því þegar Bessastaðir urðu aðsetur ríkisstjóra árið 1941 og segja má að það hafi leitt af sjálfu sér að staðurinn yrði aðsetur forseta Íslands við stofnun þess embættis árið 1944.

Í kafla um Bessastaði sem miðstöð konungsvalds á Íslandi hér framar, var sagt frá óánægju sem gætti meðal landsmanna þegar ákveðið var að aðsetur ríkisstjóra yrði á Bessastöðum. Skrifin spruttu af því að þremur dögum áður en pistill Víkverja birtist árið 1944, höfðu forsetahjónin boðið blaðamönnum heim á Bessastaði til þess að skoða breytingar á húsum og umhverfi staðarins. Sveinn Björnsson var þarna í hlutverki nýkjörins forseta hins nýstofnaða lýðveldis en hann hafði fram að því gegnt embætti fyrsta og eina ríkisstjóra hins fullvalda ríkis frá árinu 1941. Óánægjuraddir vegna þess að Bessastaðir urðu fyrir valinu sem bústaður ríkisstjóra og síðar forseta, hafa líklega smám saman dofnað og síðar dáið út. Víkverji vitnaði í pistli sínum í orð formanns Blaðamannafélags Íslands, sem hann flutti í þessari heimsókn blaðamanna á Bessastaði:

Við skulum segja, eins og Jón Sigurðsson forseti sagði, er rætt var um að gera Reykjavík að höfuðborg landsins og margir voru á móti því, vegna þess, að Reykjavík væri of



dönsk. Við gerum staðinn íslenskan, sagði Jón Sigurðsson. Og nú gerum við Bessastaði íslenska.

Víkverji bætti sjálfur við: „Bessastaðir eru þegar orðnir íslenskir. Þar er risið virðulegt forsetasetur“. Óhætt er að segja að Víkverji hafi lesið rétt í þann sess sem staðurinn hafði þegar hlotið við lýðveldistökuna og hefur síðan notið í augum landsmanna.

Milli almennings og forsetaembættisins hefur alltaf verið römm taug, sem má sjá í því ljósi að þetta er æðsta embætti þjóðarinnar og forsetinn er eini fulltrúi hennar sem kosinn er með beinum hætti í almennum kosningum. Bessastaðir eiga sér þar með sérstakan sess og má ef til vill segja með einhverjum rétti að hver Íslendingur eigi hlutdeild í staðnum enda er hann fjölsóttur af almenningi; bæði setrið og umhverfi þess. Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrum forseti Íslands, hafði það á orði í forsetatíð sinni að Bessastaðir væru „þjóðarheimili“. Hugsun hans var líklega sú að staðurinn og embættið væru í eðli sínu eign alls almennings á Íslandi. Í þeim anda opnaði hann forsetasetrið ásamt Bessastaðakirkju fyrir þjóðinni í tengslum við safnanótt hinn 10. febrúar 2012. Á annað þúsund gesta þáðu heimboðið og þeir nutu leiðsagnar sérfræðinga um staðinn og minjarnar. Bessastaðir hafa verið opnaðir almenningi reglulega eftir þetta, alltaf við miklar vinsældir og þakklæti þeirra sem þiggja boðið.

Á Bessastöðum er bústaður forsetans en þar tekur hann líka á móti gestum, bæði þeim sem eiga beint erindi við forseta vegna starfa hans og þeim sem hafa áhuga á að skoða setrið og fræðast um sögu staðarins. Þess utan er haldinn fjöldi viðburða á Bessastöðum ár hvert.

Auk þess sem staðarhúsin hafa sögulegt mikilvægi, er ýmsa merkilega og sögulega muni að finna í Bessastaðastofu og sambyggðum húsum.

Mikið af fróðlegum upplýsingum er að finna um Bessastaði og embætti forseta Íslands á heimasíðu þess, www.forseti.is

Smelltu á QR-kóðann ef þú ert að skoða rafræna útgáfu eða skannaðu hann með snjalltæki til þess að opna vefsíðu forsetaembættisins.



NÁTTÚRUFAR OG GÖNGULEIÐIR



Náttúra og umhverfi

Bessastaðir hafa jafnan verið taldir stór jörð og mikil að gæðum, sérstaklega Bessastaðanesið þó að ágangur sjávar hafi brotið drjúgt af því í gegnum tíðina. Til þess vísar meðal annars heitið Lambhúsatjörn, þar sem nú er vík inn í landið.

Berggrunnur Álftaness og þar með talið Bessastaðaness er grágrýti, runnið á hlýskeyði. Stór jökulgarður liggur um þvert Álftanes og þar með út eftir öllu Bessastaðanesi. Reyndar standa staðarhúsin á Bessastöðum á þessum garði, sem er eitt þrep í hörfun jökla við lok síðasta jökulskeyðs. Á berggrunninum liggur sandur og möl og þar yfir er mólendi sem einkennir Bessastaðanesið ásamt nokkru af graslendi. Votlent er á breiðu belti þvert yfir Rana. Nesið er láglent og mesta hæð þess um 11 metrar yfir sjávarmáli. Óhætt er að segja að gróðurfar sé einsleitt og fábrotið, og trjágróður ekki að finna utan lítilla skógræktarreita í nánd við staðarhúsin.

Áður hefur verið fjallað um hina ríku sögu Bessastaða og minjar sem þar eru, bæði innan staðarhúsanna og í landi staðarins. Margt er þar líka áreiðanlega falið í jörðu eftir aldalanga mannvist á setrinu. Rof af völdum umferðar, veðurs eða náttúrulegs rasks getur leitt í ljós sitthvað sem áður hefur verið hulið og í Bessastaðalandi getur það vel átt sér stað nálægt göngustíg, í flæðarmáli eða hvar sem er annarsstaðar. Mikilvægt er þá að snerta sem minnst við fundnum hlut, fjarlægja hann ekki og raska ekki fundarsamhenginu en hafa þegar í stað samband við Minjastofnun Íslands eins og lög um menningarminjar kveða á um, eða láta vita á setrinu. Rétt er að hafa í huga að almenningi er óheimilt að leita minja með málmeitartækjum samkvæmt sömu lögum en auðvitað getur það hent að hver sem er gangi fram á gripi eða sögulegar minjar á ferðum sínum.

Gengið um Bessastaðanes

Uppdrátturinn af Bessastaðanesi sýnir aðeins nokkur af fjölmörgum örnefnum þar þannig að lesandinn geti gert sér grófa mynd af svæðinu. Vefkort sem

höfundur þekkir til eru afar fátæk af örnefnum á Bessastaðanesi en til eru ágætar örnefnaskrár.

Blá strikalína á uppdrættinum sýnir aðal gönguleiðina í gegnum nesið en út frá henni er líka greinilegur stígur ef vilji er til þess að ganga út eftir Rana. Þá er allt nesið skemmtilegt göngusvæði á sumri sem vetri, og útsýni stórbrotið en auk þess er skemmtilegt að dvelja úti í neginu og velta því fyrir sér sem sögusviði atburða úr Íslandssögunni.

Smelltu á QR-kóðann ef þú ert að skoða rafræna útgáfu eða skannaðu hann með snjalltæki til þess að opna vefsíðu Hins íslenska fornleifafélags þar sem er grein Kristjáns Eldjárns, fornleifafræðings og fyrrum forseta Íslands um örnefni og minjar í landi Bessastaða.



Forsetasetrið

Þegar komið er akandi að Bessastöðum, er stórt bílastæði á vellinum á vinstri hönd framan við kirkjuna. Þaðan er gengið meðfram heimreiðinni og út á merкта gönguleiðina sem fyrr er nefnd. Eins og segir á öðrum stað má líta á Bessastaði, ásamt jarðnæði þar, sem almannaeign. Almenningi er frjáls för um landareignina en með nokkrum takmörkunum þó. Annarsvegar þarf að virða fuglalíf um varptíma, gæta þess að fara ekki út fyrir markaða slóða og fara ekki á þeim tíma með lausa hunda út í Bessastaðanes. Hinsvegar þarf að gæta að friðhelgi staðarins sem forsetaseturs. Ekki er heimilt að fara nær húsum en að framhlið Bessastaðastofu og ekki víkja frá vegum og stígum utan með bæjartorfunni. Auk þess sem þarna er bústaður forseta, eiga þrjár fjölskyldur heimili á Bessastöðum á hverjum tíma og rétt er að virða þá friðhelgi sem fólk á að njóta á heimilum sínum. Um myndatökur og drónaflug gilda reglur sem almennt eiga við um opinberar byggingar.

Skansinn

Skansinn er landspilda úr Bessastaðajörðinni, úti við vík sem gengur inn í norðanvert Álftanes og nefnist Seyla. Líklegt er að Skansinn hafi borið það nafn alveg frá því að virki var reist þar árið 1627, jafnvel fyrr. Heitið skans er komið úr dönsku, þar sem það þýðir einfaldlega virki. Þar var samnefnd hjáleiga frá Bessastöðum og þar var lending báta. Síðustu ábúendur í Skansinum hétu Eyjólfur og Málfríður og áttu þau einn son, sem fæddist í Skansinum í nóvember 1842. Um hann var gerð eftirfarandi vísa, sem varð þjóðþekkt og er mörgum kunn enn í dag:

*Óli Skans, Óli Skans,
er nú hér á róli.
Fía hans, Fía hans
fær hjá honum skjólið.
Óla er kalt á kinnunum,
Fía vill ei orn'onum.
Fram í eldhús til hennar
tíðum leggur göngurnar.*

Þetta mun vera upphafleg gerð vísunnar en hún er líklega öllu þekktari í annarri gerð þar sem Fíu hans er skipt út fyrir Völu.

Ólafur Eyjólfsson lést á holdsveikraspítalanum í Laugarnesi 11. júní 1914.



Tyrkjarán og virkisgerð

Í júnímánuði 1627 spurðist strandhögg alsískra sjóræninga í Grindavík til Holgers Rosenkranz, höfuðsmanns á Bessastöðum. Hann átti skip í Seylunni og lét stefna þangað tveimur eða þremur skipum til viðbótar. Þá lét hann reisa virki (skans) ofan við Seyluna og flytja þangað til varnar nokkrar fallbyssur sem til voru á Bessastöðum, því hann bjóst við komu ránsmanna. Sú varð líka raunin, því tvö skip þeirra komu inn á Seyluna kvöldið fyrir Jónsmessu. Höfuðsmaður hafði nokkurn viðbúnað og einhvern mannafla, sem samanstóð bæði af Íslendingum og Dönum. Þannig háttaði til að Jón Ólafsson Indíafari var staddur á Bessastöðum ásamt þremur frönskum lagsmönnum sínum, og var þeim skipað að manna fallbyssurnar í Skansinum. ”En höfuðsmaður með sínum þénurum og mörgum Íslenzkum í stórum látúnssöðlum á landi riðu til umsjónar og aðgætni með löngum stöngum, svo sem hertygjað fólk væri að sjá, þá sólin á söðulbryggjurnar skein”. Jón var vel kunnugur skotvopnum eftir langvinna þjónustu í her Danakonungs. Svo vel vildi til að annað skipa ránsmanna strandaði á grynningum eftir að skotið hafði verið að þeim úr fallbyssum bæði virkisins og dönsku skipanna, og hinir jafnframt svarað skothríðinni. Ræningjarnir tóku fljótt til við að létta hið strandaða skip, kasta ránsfeng frá borði og flytja fólk yfir í hitt skipið. Það losnaði svo af grynningunum með aðfallinu og tóku vágestirnir þar með þann kost að forða sér til hafs án þess að reyna frekari ránskap.

Ekki segir mikið meira af Skansinum fyrr en árið 1667 en þá voru sýslumönnum gefin þau fyrirmæli, að viðlagðri refsingu ef út af var brugðið, að leggja tiltekna fjármuni til varnarvígis á Bessastöðum. Virðist af heimildum sem ráðist hafi verið í endurbyggingu Skansins auk þess sem fallbyssum var að nýju komið fyrir í víginu „til varnar fyrir útlenzkum hervíkingum“. Auk sýslumanna var prestum gert að leggja fram fé, þeir munu almennt hafa verið þess ófúsir en nauðbeygðir. Aldrei framar mun hafa reynt á varnargetu litla virkisins á Bessastöðum og er kyrfilega gróið yfir þennan vettvang hins ógnarlega atburðar sem þar varð á öndverðri 17. öld. Af fallbyssum virkisins er það að segja að þær voru fluttar til Reykjavíkur árið 1809 og urðu uppistaðan í varnarbúnaði Jörundar hundadagakóns í svokölluðu Phelpsvígi (Batteríi) við Arnarhól. Benedikt Gröndal segir þannig frá landshöfðingjatúninu í Reykjavík: „þar er efstur Arnarhóll (sem í daglegri ræðu er oft kallaður „Batteríið“) og sér þar enn merki til virkis nokkurs, sem gert var

þegar Jörgensen var hér; þá voru þangað fluttir einhverjir gamlir fallbyssuhólkar frá Bessastaðaskansi.“

ÚR ÞJÓÐSÖGUM

Anna á Bessastöðum


Spottakorn frá bænum á Bessastöðum er skipalægi og heitir í Skansinum. Þar lágu þrjár skipshafnir til útróðra og kómu sjaldan heim, en vinnukona sem hét Anna var þar og heitti þeim kaffi á morgnana áður en þeir réru og annað þess konar. Einn af formönnunum hét Eiríkur sem lengi var vinnumaður á Bessastöðum, forneskjumaður í lund. Einn morgin fyrir dag kom Anna út og ætlaði að fara að heita kaffi handa piltunum. Hún sá þá sextán mennina koma á móti sér alla sjóvota. Henni þótti þetta kynlegt og kallaði á þá: „Eruð þið lentir, piltar?“ en þeir svöruðu engu. Síðan fór Anna inn og þar eru þá allir piltarnir órónir og óskinnklæddir. Hún segir þá við þá: „Róið þið ekki í dag, piltar, ég hef séð fylgjurnar ykkar.“ En þeir hlógu að henni og réru allar þrjár skipshafnir. Um daginn kom Anna heim að Bessastöðum og sagði það mundi ekki fara vel fyrir piltunum í dag og sagði frá hvað hún hafði séð, en fólkið bað hana að vera ekki að bullinu því arna. En um daginn gerði manndrápsbyl og týndust margar skipshafnir og þar á meðal þau tvö skip sem Anna sá fylgjur mannanna, en Eirekur komst af og bjargaði mörgum skipum þann dag. Anna sagði þetta um daginn áður en veðrið brast á svo þessi saga hefur það fram yfir aðrar slíkar að hún er sönn.

Í bók sinni Sjósókn, sem út kom árið 1945, segir Erlendur Björnsson á Breiðabólstöðum þannig frá Skansinum: „Þar var hið gamla virki, kringlóttur, upphlaðinn garður fyrir fallbyssur fógetanna á Bessastöðum, og til skamms tíma voru kúlur úr byssum þessum uppi á lofti í Bessastaðakirkju.“ Líklegt er að fallbyssukúlurnar séu þær sömu og nú eru hafðar til sýnis í Bessastaðastofu. Höfundur mældi þvermál þeirra og þyngd, sem virðist hvort tveggja geta svarað til „sexpundara“, sem eru fallbyssur af þeirri stærð sem síðast munu hafa verið í Skansinum, sex að tölu.

Fuglalíf

Mikillar fjölbreytni gætir í fuglalífi í landi Bessastaða. Hrafninn er þar ekki sjaldséður frekar en víðast um landið, en höfundur þessarar bókar er minnisstætt þegar hann sá eitt sinn hrafn sem skar sig heldur betur úr í hópi annarra sömu tegundar. Sá var með alhvíta bringu og sat á mæni bílageymslu forsetaembættisins. Svo virðulega fataður fugl hæfði virðulegu yfirbragði staðarins sérlega vel. Þá eru stórir flokkar grágæsar einkennandi í fuglalífi Bessastaðalands frá vori og fram til hausts. Ef tala má um einkennisfugl í Bessastaðanesi er það ef til vill margæs, sem á þann titil helst skilið. Hún er þó aðeins fargestur og verpir ekki hérlandis. Margæsin kemur í stórum hópum að vorlagi og hefur viðdvöl um tíma áður en hún hverfur á varpstöðvar í Grænlandi og Norður-Ameríku yfir sumarið. Þá sést hún í stórum flotum á Langavelli meðfram veginum að Bessastöðum. Margæsin lætur svo sjá sig aftur að hausti áður en hún leggur í langflug til Evrópulanda.

Mikið af mófuglum á sér bústað í Bessastaðanesi og þar er líka mjög stórt æðarvarp auk grágæsavarps. Við Bessastaðatjörn er mikilvægt svæði fyrir



andavarp. Mikið kríuvarp hefur verið þar síðustu ár, einkum í grennd við Skansinn.

Höfundur hefur séð í það minnsta eftirtaldir tegundir í Bessastaðanesi á síðustu árum. Hver veit nema þér takist að koma auga á fleiri tegundir en hér eru taldar upp. Notaðu þá neðri hluta töflunnar hér fyrir neðan til skráningar.

<i>Tegund</i>	<i>Dagsetning</i>	<i>Tegund</i>	<i>Dagsetning</i>
Álft		Rauðhöfðaönd	
Duggönd		Sandlóa	
Fálki		Skúmur	
Grágæs		Snjótittlingur	
Heiðlóa		Spói	
Hettumávur		Stari	
Hrafn		Stelkur	
Hrossagaukur		Stökkönd	
Jaðrakan		Svartbakur	
Kría		Tildra	
Margæs		Tjaldur	
Maríuerla		Toppönd	
Rauðbrystingur		Æðarfugl	
<i>Tegund</i>	<i>Dagsetning</i>	<i>Tegund</i>	<i>Dagsetning</i>
<i>Nánnar</i>			

Gaman er að virða fyrir sér fuglalífið þegar gengið er um Bessastaðanes og ávallt forvitnilegt að líta eftir framandi tegundum. Sjónauki, góð myndavél með linsuaðdrætti og auðvitað handhæg fuglabók með greiningarlykli eru þá ómissandi.

Smelltu á QR-kóðann ef þú ert að skoða rafræna útgáfu eða skannaðu hann með snjalltæki til þess að opna Fuglavefinn þar sem þú getur fræðst um allmargar tegundir fugla.



Myndaskrá

Forsíða: Ferðamenn og fjörugrjót.

Bls. 6: Bessastaðir á fögrum degi. Ólafur Ragnar Grímsson forseti og hundurinn Sámur á morgungöngu.

Bls. 7: Bessastaðir séðir frá Garðaholti. Framan við Bessastaðastofu er viðhöfn vegna móttöku erlends sendimanns.

Bls. 9: Fornleifauppgröftur. Áhald fornleifafræðings.

Bls. 11: Skýrsla Guðmundar Ólafssonar fornleifafræðings: Bessastaðarannsókn 1987. Aðdragandi og upphaf – uppgraftarsvæði 1-11.

Bls. 12: Flötin framan við Bessastaðastofu. Í héluðu grasinu koma vel í ljós útlínur húsa sem trúlega hafa tilheyrt konungsgarði á 18. öld.

Bls. 13: Lýsiskolur úr tálguðum sem komu í ljós við fornleifauppgröft á árunum 1987-1996.

Bls. 14: Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur (t.v.) ásamt fyrsta árs nemum í fornleifafræði við Háskóla Íslands: Jakob Hinriksson, Guðrún Þóra Friðriksdóttir, Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir, Sævar Gíslason, Viktoría Halldórsdóttir, Hermann Jakob Hjartarson, Ármann Dan Árnason. Þau voru gestum til leiðbeiningar ásamt starfsfólki embættisins og prests Bessastaðakirkju þegar húsið var opnað almenningi í fyrsta sinn í tengslum við Safnanótt árið 2012.

Bls. 15: Fornleifauppgröftur meðfram heimreiðinni að Bessastöðum. Fornleifafræðingarnir Ármann Dan Árnason og Hermann Jakob Hjartarson í forgrunni.

Bls. 16: Hurðarhandfang á útidyrum Bessastaðakirkju.

Bls. 18: Bessastaðastofa í skammdegisskímu.

Bls. 19: Rými sunnanvert á efri hæð Bessastaðastofu. Þar eru til sýnis nokkrar þeirra gjafa sem borist hafa forseta í gegnum tíðina.

Bls. 20: Bessastaðakirkja. Ofarlega á austurgafli er gluggi með skjaldarmerki Íslands í steindu gleri (sjá innfellda mynd). Út undir kirkjuvegnum hægra megin má sjá glitta m.a. í legstein Gríms og Jakobínu Thomsen.

Bls. 21: Hluti af gömlum legsteini hefur verið notaður sem sólbekkur í glugga í turni Bessastaðakirkju. Hann er máður en þó má lesa mestan hluta áletrunarinnar: „Hér hvílir góð dyggðug og dándis kvinna Guðrún Þorkelsdóttir hver að yfirvann og endaði sitt stríð með sigri í...”

Bls. 22: Jón biskup Vídalín í glugga á suðurhlíð Bessastaðakirkju í útfærslu Finns Jónssonar listamanns.

Bls. 23: Innan úr Bessastaðakirkju. Legsteinn Magnúsar Gíslasonar amtmanns og eiginkonu hans, Þórunnar Guðmundsdóttur, uppi á vegg.

Bls. 24: *Efri mynd:* Á suðurvegg mótar greinilega fyrir þeim stað þar sem voru dyr inn í kór kirkjunnar, aftan við predikunarstólinn. *Neðri mynd:* Greinileg merki þess eru á norðurvegg kirkjunnar hvar dyr voru að grafhýsi sem var áfast kirkjunni á 18. öld.

Bls. 25: Ofan við efri gluggann á framhlið turns Bessastaðakirkju er innfelldur skjöldur úr sandsteini. Skjaldarmerki ættar Moltke greifa er mótað í skjöldinn en hann var stiftamtmaður þegar smíði turnsins var lokið árið 1823.

Bls. 27: Páll Stígsson lést 1566 og var grafinn framan við altari Bessastaðakirkju, þeirrar sem þá stóð. Legsteinninn var í upphafi yfir gröfinni, var um tíma múraður inn í norðurvegg kirkjunnar en svo fluttur þangað sem hann er núna; múraður inn í suðurvegg kirkjunnar, framarlega.

Bls. 36: Svipur hests á glugga.

Bls. 30: Frétt af visir.is, 28. desember 2019. Forseti Íslands hugar að fálkanum Kríu í gróðurhúsi á Bessastöðum.

Bls. 32: Bessastaðastofa á tíma Bessastaðaskóla. Teikning eftir enska ferðamanninn John Barrow, sem heimsótti Bessastaði árið 1834.

Bls. 35: Bessastaðastofa eftir burtflutning Bessastaðaskóla. Teikning Jóns Helgasonar biskups.

Bls. 40: Halldóra Pálsdóttir (t.v.) og Auður Aðalsteinsdóttir í bókhöllu Bessastaða.

Bls. 41: Séð yfir Bessastaði og hluta Bessastaðaness.

Bls. 44: Legsteinn yfir gröfum Gríms og Jakobínu Thomsen við norðurvegg Bessastaðakirkju.

Bls. 45: Leifarnar af prentsmiðju Skúla Thoroddsen.

Bls. 47: Bessastaðastofa böðuð bláum ljóma í tilefni af átakinu „Bláa naglanum“ 2012.

Bls. 48: Forsetabíll Sveins Björnssonar af tegundinni Packard One-Eighty, árgerð 1942.

Bls. 50: Uppdrátturinn sýnir nokkur helstu örnefni í Bessastaðanesi ásamt gönguleið.

Bls. 51: Gamall grjótgarður úti í Skansi.

Bls. 56: Tjaldur á vappi við Bessastaðatjörn.

Bls. 56: Maríuerla hreykir sér á hlöðnum garðvegg framan við bústað forseta.

Heimildir

Formáli höfundar

Árni Óla. (1941). *Blárri tinda blessað land*. Reykjavík: Bókfellsútgáfan.

Ágrip af sögu Bessastaða á Álftanesi

- - -

Fornleifarannsóknir á Bessastöðum

Antikva ehf. (2019). *Bessastaðir og Lambhús. Breytingartillaga deiliskipulags á Bessastöðum*. Ragnheiður Traustadóttir. Antikva ehf: 2019.

Ari Þorgilsson. (1986). *Íslendingabók. Landnámabók*. Jakob Benediktsson annaðist útgáfuna. Íslensk fornrit. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

Háskóli Íslands. (2010). *Byggingar konungsgarðs. Bessastaðir á 17. og 18. öld. MA-ritgerð*. Guðmundur Ólafsson. Reykjavík: Háskóli Íslands.

Knut Helle. (1995). *Under kirke og kongemakt 1130-1350*. Aschehougs Norges historie. Bind 3. Oslo, Aschehoug & co.

Viðtal höfundar við Vigdísí Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta Íslands, 4. apríl 2012.

Þjóðminjasafn Íslands. (2010). *Bessastaðarannsókn 1987. Aðdragandi og upphaf – uppgriftarsvæði 1-11*. Guðmundur Ólafsson. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Þjóðminjasafnið Íslands. (1998). *Bessastaðir. Þrjár smá rannsóknir*. Agnes Stefánsdóttir et.al. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Húsakostur

Helge Finsen og Esbjörn Hiort. (1978). *Steinhúsin gömlu á Íslandi*. Kristján Eldjárn (þýð.) Reykjavík: Bókaútgáfan Iðunn.

Herbert Bangs. (2007). *The Return of Sacred Architecture. The Golden Ratio and the End of Modernism*. Rochester: Inner Traditions.

Jón Þ. Þór, Þorsteinn Gunnarsson et. al. (2008). *Bessastaðakirkja*. Kirkjur Íslands. Bindi 11-12. Friðaðar kirkjur í Kjalarnesprófastdæmi. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Kaare Johannessen. (2020). *Magt og mennesker i Danmarks middelalder*. Aarhus: Turbine.

Sauðlauksdalsannáll (1751). Annales Islandici Posteriorum Sæculorum. Annálar 1400-1800. I.-VI. bindi. (1922-1987). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Setbergsannáll (1700). Annales Islandici Posteriorum Sæculorum. Annálar 1400-1800. I.-VI. bindi. (1922-1987). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Skarðsárannáll (1616, 1617, 1619 og 1620). Annales Islandici Posteriorum Sæculorum. Annálar 1400-1800. I.-VI. bindi. (1922-1987). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Vatnsfjarðarannáll yngri (1617). Annales Islandici Posteriorum Sæculorum. Annálar 1400-1800. I.-VI. bindi. (1922-1987). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Vigfús Guðmundsson. (1941). *Bessastaða kirkjur*. Sérprentun úr Kirkjuritinu 1941 með litlum viðauka. Reykjavík: Ríkissjóður.

Vilhjálmur Þ. Gíslason. (1947). *Bessastaðir. Þættir úr sögu höfuðbóls*. Akureyri: Bókaútgáfan Norðri.

Bessastaðir og konungsvaldið

Árni Óla. (1941). *Blárri tinda blessað land*. Reykjavík: Bókfellsútgáfan.

Árni Óla. (1957, 17. febrúar). Guðmundar þáttur seka og frá upphafi 17. aldar. *Lesbók Morgunblaðsins*, bls. 96.

Birgir Olgeirsson (2019, 28. desember). Forsetaembættið hjúkrar fálkaunga til heilsu. Visir.is. Sótt 17.01.2021 af <https://www.visir.is/g/2019191229341/forsetaembaettid-hjukrar-falkaunga-til-heilsu>

Böðulseiður (gamall). (1918) *Blanda* 1.-3. hefti.

Einar Laxness. (1998). *Íslandssaga i-r. 2. bindi*. Reykjavík: Vaka-Helgafell.

Eyrarannáll (1670). Annales Islandici Posteriorum Sæculorum. Annálar 1400-1800. I.-VI. bindi. (1922-1987). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Grímsstaðaannáll (1635). Annales Islandici Posteriorum Sæculorum. Annálar 1400-1800. I.-VI. bindi. (1922-1987). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Guðni Th. Jóhannesson (2021, 12. janúar). Forseti Íslands. *Facebook*. Sótt 17.01.2021 af

<https://www.facebook.com/embaettiforseta/posts/1818802314936947>

Háskóli Íslands. (2010). *Byggingar konungsgarðs. Bessastaðir á 17. og 18. öld. MA-ritgerð*. Guðmundur Ólafsson. Reykjavík: Háskóli Íslands.

Hrefna Róbertsdóttir. (2001). *Landsins forbetran. Innréttingarnar og verkþekking í ullarvefsmiðjum átjándu aldar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Jón Árnason. (1954-1961). *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri. 6 bindi*. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson (ritstjórar). Reykjavík: Þjóðsaga.

Minjasafn Reykjavíkur. (2011). *Þéttbýlismyndun í Reykjavík á 18. öld. Samanburður ritheimilda og fornleifa*. Reykjavík: Minjasafn Reykjavíkur.

Sagnagrunnur. (2021). Kortlagður gagnagrunnur yfir íslenskar sagnir. Sótt 15. janúar 2021 af <http://sagnagrunnur.com/is/>.

Setbergsannáll (1636 og 1664). Annales Islandici Posteriorum Sæculorum. Annálar 1400-1800. I.-VI. bindi. (1922-1987). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Skarðsárannáll (1637). Annales Islandici Posteriorum Sæculorum. Annálar 1400-1800. I.-VI. bindi. (1922-1987). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Víkverji. (1944, 7. júlí). Úr daglega lífinu. *Morgunblaðið*, bls. 6.

Þorsteinn Erlingsson. (1903). Bessastaðir. *Bjarki*. 8. árg. 41. tbl.

Bessastaðaskóli

Benedikt Gröndal. (2014). *Dægradvöl*. Reykjavík: Forlagið.

Einar Laxness. (1998). *Íslandssaga i-r. 2. bindi*. Reykjavík: Vaka-Helgafell.

Háskóli Íslands. (2010). *Byggingar konungsgarðs. Bessastaðir á 17. og 18. öld. MA-ritgerð*. Guðmundur Ólafsson. Reykjavík: Háskóli Íslands.

Helgi Guðmundsson (1933-1937). *Vestfirzkar sagnir. 3 bindi*. Reykjavík, Bókaverslun Guðmundar Gamalíelssonar.

Jónas Hallgrímsson. (1989). *Ritverk Jónasar Hallgrímssonar II: Bréf og dagbækur*. Haukur Hannesson, Páll Valsson og Sveinn Yngvi Egilsson (ritstjórar). Reykjavík: Svart á hvítu.

Sagnagrunnur. (2021). Kortlagður gagnagrunnur yfir íslenskar sagnir. Sótt 15. janúar 2021 af <http://sagnagrunnur.com/is/>.

Svipir og fyrirburðir

Jóh. Örn Jónsson. (1956). *Sagnablöð hin nýju*. Reykjavík: Leiftur h.f.

Ólafur Davíðsson. (1978-1980). *Íslenzkar þjóðsögur. 4 bindi*. Þorsteinn M. Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga.

Sagnagrunnur. (2021). Kortlagður gagnagrunnur yfir íslenskar sagnir. Sótt 15. janúar 2021 af <http://sagnagrunnur.com/is/>.

Viðtal höfundar við Halldóru Björgu Pálsdóttur, fyrrum ráðskonu og kirkjuvörð á Bessastöðum, 1. maí 2014..

Viðtal höfundar við Halldóru Björgu Pálsdóttur, fyrrum ráðskonu og kirkjuvörð á Bessastöðum, 1. maí 2014.

Vilhjálmur Þ. Gíslason. (1947). *Bessastaðir. Þættir úr sögu höfuðbóls*. Akureyri: Bókaútgáfan Norðri.

Þorsteinn M. Jónsson. (1965-1965). *Gríma hin nýja. 10 bindi*. Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga.

Nokkrir eigendur og ábúendur til 1941

Alþingi. (2020). Æviágrip þingmanna frá 1845: Skúli Thoroddsen. Sótt 20. desember 2020 af <https://www.althingi.is/altext/cv/is/?nfaerslunr=534>.

Ingólfur Jónsson (1974). *Þjóðlegar sagnir og ævintýri. 2 bindi*. Hafnarfjörður: Skuggsjá.

Jóh. Örn Jónsson. (1956). *Sagnablöð hin nýju*. Reykjavík: Leiftur h.f.

Jón Thorarensen. (1945). *Sjósókn. Endurminningar Erlends Björnssonar, Breiðabólstöðum*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.

Jónína Vigdís Schram. (1997, 3. maí). Hin gleymda eiginkona þjóðskáldsins. *Lesbók Morgunblaðsins*, bls. 8.

Kristján B. G. Jónsson (1973, 21. febrúar). Björgúlfur A. Ólafsson, læknir. Minningargrein. *Morgunblaðið*, bls. 23.

Sagnagrunnur. (2021). Kortlagður gagnagrunnur yfir íslenskar sagnir. Sótt 15. janúar 2021 af <http://sagnagrunnur.com/is/>.

Viðtal höfundar við Auði Aðalsteinsdóttur, fyrrum starfsstúlku á Bessastöðum, 1. maí 2014.

Vilhjálmur Þ. Gíslason. (1947). *Bessastaðir. Þættir úr sögu höfuðbóls*. Akureyri: Bókaútgáfan Norðri.

Heimili þjóðar

Víkverji. (1944, 7. júlí). Úr daglega lífinu. *Morgunblaðið*, bls. 6.

Náttúrufar og gönguleiðir

Anna Agnarsdóttir. (2008). *Aldahvörf og umbrotatímar*. Saga Íslands. 9. bindi. Sigurður Línal og Pétur Hrafn Árnason (ritstjórar). Reykjavík: Hið Íslenska bókmenntafélag.

Benedikt Gröndal. Reykjavík um aldamótin 1900. Í Eimreiðin. 1.-2. tbl. 6. ár. Rits. Dr. Valtýr Guðmundsson. (Kaupmannahöfn: Nokkrir Íslendingar, 1900).

Fitjaannáll. Annales Islandici Posteriorum Sæculorum. Annálar 1400-1800. I.-VI. bindi. (1922-1987). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Íslensk erfðagreining ehf. og Friðrik Skúlason ehf. (2020). Ólafur Eyjólfsson. Sótt 14. desember 2020 af <http://www.islendingabok.is>.

Jón Árnason. (1954-1961). *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*. 6 bindi. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson (ritstjórar). Reykjavík: Þjóðsaga.

Jón Jónsson. (1994). *Frá fjöru til fjalls. Úr safni til sögu Garðabæjar*. Garðabær: Sveitarfélagið Garðabær).

Jón Ólafsson. (1946). Reisubók Jóns Ólafssonar Indíafara. 2. bindi. Guðbrandur Jónsson (ritstjóri). Reykjavík: Bókfellsútgáfan.

Jón Thorarensen. (1945). *Sjósókn. Endurminningar Erlends Björnssonar, Breiðabólssstöðum*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.

Kjósarannáll. Annales Islandici Posteriorum Sæculorum. Annálar 1400-1800. I.-VI. bindi. (1922-1987). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Skarðsárannáll. Annales Islandici Posteriorum Sæculorum. Annálar 1400-1800. I.-VI. bindi. (1922-1987). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Vilhjálmur Þ. Gíslason. (1947). *Bessastaðir. Þættir úr sögu höfuðbóls*. Akureyri: Bókaútgáfan Norðri.

Smelltu á QR-kóðann ef þú ert að skoða rafræna útgáfu eða skannaðu hann með snjalltæki til þess að opna vefsíðuna leitir.is. Þar er að finna samskrá íslenskra bókasafna og fjölda annarra gagnasafna. Þar má finna flestar þær heimildir sem notaðar voru við ritun bókarinnar.

